

Ljúfsárt en
lingert leikrit



Elskar að fara
í sundlaugarnar



Lisiecki
spilar Chopin

3. NÓVEMBER KL. 19:30
MÍÐASALA Á SINFONÍA.IS



Menning > 15

Lífð > 18

FRÉTTABLAÐIÐ

241. TÖLUBLAÐ 22. ÁRGANGUR

frettabladid.is

MÍÐVIKUDAGUR 2. NÓVEMBER 2022



Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra kynnti formennskuáætlun Íslands í Norrænu ráðherranefndinni 2023 fyrir þingi Norðurlandaráðs í Helsinki í gær. Ísland tekur við formennsku af Noregi þann 1. janúar næstkomandi og gegnir henni út næsta ár.

FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Forseti situr á skýrslu um Lindarhvol

Skýrslan um sölu Íslandsbanka, sem ekki verður birt fyrr en í fyrsta lagi eftir helgi, er ekki eina skýrslan sem erfið virðist vera að draga fram í dagsljósið um verkefni tengd fjármálaráðuneytinu. Forseti Alþingis neitar að afhenda fjölmiðlum greinargerð um starfsemi Lindarhvals ehf.

olafur@frettabladid.is

STJÓRNSÝSLA Birgir Ármannsson, forseti Alþingis, neitar að afhenda Viðskiptablaðinu og fleiri aðilum greinargerð setts ríkisendurskoðanda um starfsemi Lindarhvals ehf., sérstaks félags á vegum fjármálaráðuneytisins, sem fór með eignir úr protabúum föllnu bankanna.

Þetta gerir Birgir þrátt fyrir að forsætisnefnd þingsins hafi í apríl

á þessu ári samþykkt að afhenda greinargerðina og sent bréf því til staðfestingar til fjármála- og efnahagsráðuneytisins.

Ríkisendurskoðun og stjórn Lindarhvals ehf. lögðust gegn afhendingunni. Í lögfræðialiti sem forsætisnefnd aflaði sér segir að ekkert í greinargerðinni sé þess eðlis að ekki megi afhenda hana.

Birgir Ármannsson sagði í samtali við Fréttablaðið í gær að ástæða þess að hann afhendir ekki greinargerðina sé sú að athugasemdir hafi borist frá Ríkisendurskoðun og stjórn Lindarhvals. Málið sé því enn til meðferðar hjá forsætisnefnd. Aðspurður sagði Birgir ekki vilja tjá sig um hvort eitthvað nýtt hefði komið fram sem veldur þessari tóf.

Greinargerðin sem forseti Alþingis neitar að afhenda og Ríkisendurskoðun og stjórn Lindar-



Hörð gagnrýni kemur fram á starfsemi Lindarhvals í greinargerð sem forseti Alþingis neitar að afhenda.

hvals vilja ekki að komi fyrir sjónir almennings er mjög gagnrýnin á starfsemi Lindarhvals að sögn viðmælenda Fréttablaðsins sem hafa fengið að skoða hana.

Gagnrýnt er að fyrir utan daglega framkvæmdastjórn og lögfræðilega

ráðgjöf hafi tiltekinn lögmaður gegnt umfangsmiklum verkefnum fyrir félagið auk þess sem lögmannsstofa hans hafi í umboði stjórnar Lindarhvals haft umsjón með sölu á stöðugleikaeignum.

Í bréfi sem Sigurður Þórðarson, settur ríkisendurskoðandi, sendi forseta Alþingis 17. febrúar 2021 segir: „...að þessi skipan hafi ekki tekið nægjanlegt tillit til krafna um aðskilnað starfa, ábyrgðar og innra eftirlits sem hefði átt að vera til staðar við framkvæmd verkefnisins.“

Fram kemur í bréfinu að Lindarhvoll hafi stórlega ýkt virðisauka eigna sem hann sá um að fullnusta. Minnst eitt mál er fyrir dómstólum vegna ágreinings um framkvæmd útbóðs á vegum Lindarhvals.

Ekkert liggur fyrir um það hvenær og hvort greinargerðin verður afhent fjölmiðlum. ■

Ná ekki að safna sér fyrir íbúð

MARKAÐURINN Stór hluti leigjenda á húsnæðismarkaði er fastur þar til frambúðar. Þetta er niðurstaða nýrrar rannsóknar Háskóla Íslands.

Már Wolfgang Mixa, lektor í fjármálum, segir um vaxandi vandamál að ræða sem ýti undir reiði og óánægju í samfélaginu.



Már Wolfgang Mixa, lektor í fjármálum

Bráðabirgðaniðurstöður rannsóknarinnar benda til að allt að 40 prósent fólks á leigumarkaði hafi nær enga möguleika á að safna sér fyrir íbúð á sama tíma og innan við 10 prósent segjast vilja vera þar til frambúðar. **SJÁ SIÐU 8**

Boozt.com

THE NORDIC DEPARTMENT STORE



VERTU
GLEÐIGJAFI

Dýrið hlaut verðlaunin

birnadrofn@frettabladid.is

KVIKMYNDIR Íslenska kvikmyndin Dýrið í leikstjórn Valdimars Jóhannssonar hlaut kvikmynda-verðlaun Norðurlandaráðs í gær.

Sanna Marin, forsætisráðherra Finnlands, afhenti Valdimar verðlaunin í Helsinki, höfuðborg Finnlands, en þetta er í fjórða sinn sem íslensk kvikmynd hlýtur verðlaunin.

Dýrið hefur sópað til sín verðlaunum og hlaut myndin til að mynda tólf verðlaun á Eddunni.

Hilmir Snær Guðnason fer með aðalhlutverk í myndinni ásamt Noomi Rapace og segir hann verðlaunin mikla lyftistöng fyrir myndina. „Og fyrir Íslendinga, þetta er mikill heiður fyrir íslenska kvikmyndagerð,“ segir hann.

„Það er dásamlegt að fá að taka þátt í verkefni eins og þessu,“ bætir Hilmir Snær við. ■



Hægt er að kafa í Silfru allt árið um kring óháð veðri. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Kanna mengun frá köfun í Silfru

benediktarnar@frettabladid.is

UMHVERFISMÁL Mengun af manngerðum efnunum í og við Þingvallavatn er til rannsókna.

Eydís Salóme Eiríksdóttir, jarðefnafræðingur hjá Hafrannsóknastofnum, segir að um sé að ræða sérkerfni fyrir þjóðgarðinn, þar sem sýni eru tekin úr Silfru til að mæla alls kyns manngerð efni sem gætu valdið mengun í Þingvallavatni.

„Ef það myndi mælast hærrí styrkur af manngerðum efnunum, þá væri það eitthvað sem er að bætast við vegna köfunar á svæðinu,“ segir Eydís. Til stendur að rannsaka áhrif af köfun í Silfru.

„Það er mikilvægt fyrir þjóðgarðinn að hafa mælingar sem sýna hvort við finnum þessi manngerðu efni í Silfru. Það er erfitt að halda því fram að manngerðu efnin séu mengandi, án þess að hafa rannsóknir og mælingar á bak við það.“ ■

Landsmenn hvattir til að synda



Syndum, landsátak í sundi, hófst með formlegum hætti í Laugardalslaug í gær og eins og sjá má var mikil stemning í lauginni. Andri Stefánsson, framkvæmdastjóri Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands, og Björn Sigurðsson, formaður Sundsambands Íslands, fluttu ávörp í góðu haustveðri á sundlaugarbakkanum og var þar fólk hvatt til að nota sund sem sína daglegu hreyfingu. Í atakinu felst að þátttakendur skrái þá vegalengd sem synt er og markmiðið er að synda saman hringinn í kringum landið. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Lökke leikur lausum hala

ragnarjon@frettabladid.is

DANMÖRK Samkvæmt útgönguspám í þingkosningunum í Danmörku heldur enginn vinstri eða hægri flokkur hreinum meirihluta. Virðist því vera að Lars Lökke, fyrrverandi forsætisráðherra, og nýr flokkur hans Moderaterne séu komnir í lykilstöðu.

Mette Fredriksen, núverandi forsætisráðherra, og vinstri flokkur hennar hljóta samkvæmt spám 80 þingmenn en hægri flokkar hljóta 79. Moderaterne næði 16 mönnum á þing.

Athygli vekur að flokkurinn Radikale Venstre, sem knúði kosningarnar fram með vantrauststillögu sinni á Mette Fredriksen, missir meira en helming af fylgi sínu, fer úr 8,6 prósentum í 3,4 prósent, ef tölur halda. Niðurstöður lágu ekki fyrir þegar Fréttablaðið fór í prentun. ■

Sveppi til í stytta ef borgin samþykkir vinsæla tillögu

Ein af vinsælustu tillögnum í hverfiskosningu Breiðholts á vefsvæði Betri Reykjavíkur er að reisa stytta af Sverri Þór Sverrissyni, betur þekktum sem Sveppa. Skemmtikrafturinn góðkunni segir hugmyndina fúrdulega, en á sama tíma skemmtilega.

kristinnpall@frettabladid.is

SAMFÉLAG „Það eru rosaleg tíðindi. Ég var búinn að sjá þessa hugmynd en ég hélt að þetta væru bara einhverjir krakkar að setja þetta inn til gamans. Ég hef séð margt vitlausara,“ segir Sveppi í samtali við Fréttablaðið þegar hugmyndin er borin undir hann.

„Mér finnst þessi hugmynd aðallega bara fyndin en ég veit ekki hvernig maður myndi taka því. Þetta er absúrd en er samt hugmynd á blaði og mér finnst öll svona vitleysa skemmtileg. Það eru allt of fáar stytta í Reykjavík. Það er alltaf gaman að þeim,“ segir Sveppi glettinn.

„Ég yrði smá hræddur við að það væri komið trúðanef og gleraugu eða búið að henda eggjum í hana innan skamms, en það er bara hluti af stemningunni. Það væri kannski bara ágætt.“

Á tillöguvefnum fyrir Breiðholtið kemur í ljós að aðeins fimm hugmyndir hafa fengið jákvæðari viðbrögð en tillagan um að fá „stytta af Sveppa Krull því hann ólst upp í Breiðholtiinu“. Nú er boltinn í höndum Reykjavíkurborgar.

„Steindi og Egill hafa oft talað um það í útvarpsþættinum á FM957 að reyna að fá stytta af Audda (Auðuni Blöndal) á Saudárkróki. Það kæmi mér ekki á óvart ef þessi hugmynd væri afsprengi af þeirri hugmynd því þeir hafa oft talað um það í útvarpinu.“



Sveppi ásamt föður sínum Sverri Friðbjólfssyni sem Sveppi telur að eigi skilið sína eigin stytta í Efra-Breiðholtiinu. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Fagræð tekur til skoðunar

Eiríkur Búi Halldórsson, verkefnastjóri Hverfisins míns, segir að næsta skref í ferlinu sé kosning á næsta ári um tillögurnar sem bærust að þessu sinni. Fimmtán vinsælustu hugmyndirnar sem standast kröfur borgarinnar og tíu tillögur sem íbúar að hverfisins velur komast á næsta stig en þá er búið að fara yfir ýmis álitamál, meðal annars sem varðar kostnað hugmyndanna. ■

Þetta er ekki eina tillagan um styttingu á þessu ári. Það var meðal annars gerð tilraun til að fá stytta af Kanye West í Vesturbænum en Sveppi segist sjá húmorinn í hugmyndinni, fái hann símtal frá Reykjavíkurborg til að kanna áhuga af hans hálfu.

„Algjörlega. Ég myndi nú vilja fá að sjá gerð styttingar svo ég lenti ekki í því sama og Cristiano Ronaldo lenti í með sína stytta. Svo er góð spurning hvar hún ætti að vera,“ segir Sveppi sem segir aðeins eitt póstnúmer koma til greina. „Stytta þyrfti að vera í 109. Þetta yrði í Bökkunum,“ segir Sveppi. ■

Mikið úrval af **HVÍLDARSTÓLUM** með og án rafmagns lyftibúnaði



Komið og skoðið úrvalið

NYFORM

HÚSGAGNAVERSLUN

Strandgötu 24 | 220 Hafnarfjörður | Sími 565 4100 | nyform.is



Óbeislaður kraftur úr íslenskri náttúru.

Taycan Cross Turismo 4.

- 100% rafmagn
- Fjór hjóladrífinn og hækkanleg loftþrúðafjöðrun
- 93.4 kWh
- 476 hestöfl / 5,1 sek. 0 – 100 km.klst.

Verð: 13.990.000 kr.

Mynd: Tom Klocker

800 volta rafkerfi | Hækkanleg loftþrúðafjöðrun | 19" Aero álfelgur | Leðurinnrétting | Heimahleðslustöð | 150 w hljóðkerfi m/10 hátölurum | Rafdrifin stillanleg sportsæti | Leiðsögukerfi með Íslandskorti | Fjarlægðarskynjarar framan og aftan
Leður Sport aðgerðastýri | LED ljósabúnaður | 16,8" stafrænt mælaborð | 10,9" háskerpu stjórnborð með snertiskjá | Sjálfvirk opnun/lokun á afturlhara | Veghæð er 17,8 cm í hæstu stillingu



PORSCHE

Bíla
Benna

Porsche á Íslandi | Krókhálsi 9 | 110 Reykjavík | S: 590 2000 | porsche.is | Opíð virka daga frá 9:00 til 17:00 og um laugardaga frá 12:00 til 16:00

BSRB undrast samráðsleysið

benediktboas@frettabladid.is

STJÓRNSÝSLA „Í upphafi vill BSRB benda á að ekkert samráð var viðhaft við bandalagið áður en þingmálið var lagt fram á Alþingi, eins og lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins gera ráð fyrir að sé gert. Þó um þingmannamál sé að ræða þá ber að viðhafa slíkt samráð,“ segir í umsögn bandalagsins um frumvarp til laga um breytingu á lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.



Sonja Ýr Þorbergsdóttir, formaður BSRB

Með frumvarpinu er meðal annars lagt til að fella niður þá skyldu forstöðumanns að áminna starfsmann með formlegum hætti vegna brots á starfsskyldum hans eða annarra atvika er hann varðar sem undanfara uppsagnar.

Í umsögninni segir einnig að vandséð sé hvernig hægt sé að fella áminningarskylduna úr gildi með þeim hætti sem frumvarpið felur í sér. ■

Óttast örlög púttvallarins

kristinnpall@frettabladid.is

ÍSAFJÖRÐUR Stjórn eldri borgara á Ísafirði og nágrenni og stjórn Kubba, íþróttafélags eldri borgara á Ísafirði, lögðu fram erindi á síðasta fundi bæjarráðs Ísafjarðar þar sem lýst var vonbrigðum með að tilvönandi stækkun á hjúkunarheimilinu Eyri yrði á kostnað púttvallarins við hjúkunarheimilið. Í erindinu minnst Félag eldri borgara á Ísafirði á að félagið hafi lagt til stórar fjárhæðir í völlinn á sínum tíma.

Í frétt Bæjarins besta frá 2017 kom fram að völlurinn væri sá stærsti sinnar tegundar á landinu og að hefði kostað 7,5 milljónir. Félag eldri borgara ítrekaði því beiðni sína um að farið yrði eftir upprunalegum teikningum um stækkun hjúkunarheimilisins á kostnað bílastæðisins í stað púttvallarins. Áður hafði bæjarráð lofað félaginu nýrri staðsetningu fyrir púttvöllinn. ■

Tillaga um þjóðaratkvæði ekki lengur forgangsmál

bth@frettabladid.is

STJÓRNMÁL Kristrún Frostadóttir, formaður Samfylkingarinnar, segir að persónulegur hugur hennar um aðild að ESB hafi ekki breyst þótt hún leggi áherslu á að andstæðingar ESB eigi skjól í flokknum.

„Ég er ófeimin að segja að ég er í grunninn jafnaðarkona og svo er ég Evrópusinni,“ segir Kristrún. „Ég vil fylkja fólki saman um grunnildi jafnaðarstefunnar án ásteytingarsteinsins sem aðild að ESB er.“

Kristrún er nýbakaður formaður stjórnmálaflokks sem fyrir nokkr-

um vikum lagði fram þingsályktunartillögu ásamt Pírötum og Viðreisn um þjóðaratkvæðagreiðslu um framhald viðræðna við ESB. Þingmennirnir vilja að þjóðin verði spurð hvort Ísland eigi að taka upp þráðinn í viðræðum við Evrópusambandið með það að markmiði að aðildarsamningur yrði borinn undir þjóðina til samþykktar eða sýnunar. Svarmöguleikar yrðu já eða nei.

Þegar Kristrún er spurð hvort hún myndi standa að þingsályktunartillögunni í dag svarar hún: „Mér finnst þetta ekki vera forgangsmál.“



Mér finnst þetta ekki vera forgangsmál.



Kristrún Frostadóttir, formaður Samfylkingarinnar

Eins og ég hef áður sagt þá er þetta ekki rétti tíminn að mínu mati til að leggja áherslu á málið. Það eru mörg önnur stór og áriðandi verkefni fram undan og það getur ekki allt verið í forgangi. Mitt fyrsta þingmál sneri að velferðar- og húsnæðismálum. Ég tel samt að það sé mikilvægt og gott að þetta sé rætt inni á Alþingi.“

Spurð hvort limirnir dansi eftir höfði formannsins, svarar Kristrún:

„Spurningin snýst um tímasetningu. Mér finnst skipta máli fyrir þjóðaratkvæðagreiðslu að fyrst hafi farið fram igrunduð umræða og að önnur mál séu framari í forgangi.“ ■

Metfjöldi nýrra fulltrúa á landsfundi gæti sett mark sitt á formannskjörið

Nýir landsfundarfulltrúar eru sagðir óbundnari af foringjahollustu en hinir eldri. Bjarni er talinn hafa forskot sem sitjandi formaður. Hneykslismál kunni þó að spilla fyrir.

bth@frettabladid.is

STJÓRNMÁL Það er til marks um spennuna í Sjálfstæðisflokknum þegar fjórir dagar eru í formannskosningu að landsfundarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins vilja fæstir upplýsa um opinbera afstöðu þegar spurt er hvort stuðningur þeirra liggja hjá Bjarna Benediktssyni eða Guðlaugi Þór Þórðarsyni.

Háttsettur áhrifamaður í flokknum spáir að báðir fái góða kosningu. Sitjandi formaður hafi þó töluverða forgjöf. Undantekning hafi verið þegar Davíð lagði Þorstein Pálsson.

Bjarni og Guðlaugur hafa tekist á um hvað teljist viðunandi fylgi Sjálfstæðisflokksins. Stuðningsmenn Bjarna benda á að mestu skipti að hafa tryggt valdasetu síðustu ellefu ár. Úr Guðlaugs röðum heyrst án þess að menn vilji koma fram undir nafni að hneykslismálasaga Bjarna eigi þátt í að fylgi flokksins sé ekki meira. Er nefnt að nú síðast hafi fadur Bjarna hagnað á sölu bréfa í Íslandsbanka. Spenna er um hvort skýrsla Ríkisendurskoðunar um bankasöluna lekur út fyrir fundinn.

Því er einnig haldið fram að erfðara sé að ráða í hug landsfundar gesta en oft áður. Mörg hundruð fulltrúar sitji sinn fyrsta landsfund eftir sögulega uppstökkun í sveitarstjórnarkjörum og rof á landsfundum vegna Covid. Eldri og reyndari



Margir landsfundargestir eru sagðir hafa fengið samtöl eða verið boðaðir á fundi til að ræða afstöðu til framboðs. Bjarni Benediktsson er sagður með forskot.

FRÉTTABLAÐIÐ/
VALLI



Ég hlakka til að eiga þetta samtál við fólkið á landsfundinum.



Diljá Mist Einarsdóttir, þingmaður Sjálfstæðisflokksins

fulltrúar leggi áherslu á foringjahollustu. Nýju fulltrúarnir séu ófyrirsjáanlegri. Foringjahollustan sé mest hjá „gömlum hundum“, eins og einn reyndur fulltrúi orðaði það. Það kunni að hjálpa Guðlaugi.

Friðjón R. Friðjónsson borgarfulltrúi segist styðja Bjarna, því hann hafi náð þeim árangri sem hann telji mikilvægastan, að tryggja stöðu flokksins í ríkisstjórn.

„Það er alltaf markmið flokksins að hafa áhrif á stjórn landsins og leysa þau risavöxnu verkefni sem samfélagið stendur frammi fyrir. Bjarni hefur sýnt að hann hefur hæfileika og getu til að tryggja stöðugleika og sýnilegan árangur fyrir fólkið í landinu,“ segir Friðjón. Diljá Mist Einarsdóttir, þingkona

Sjálfstæðisflokksins, segir spurð um hennar afstöðu til framboðs Guðlaugs Þórs að enginn efast um hennar stuðning við Guðlaug Þór. Hún vilji þó ekki tjá sig frekar, enda sé það hennar skoðun að valdafólk í flokknum eigi ekki að leggja landsfundarfulltrúum linurnar.

„Ég hlakka til að eiga þetta samtál við fólkið á landsfundinum og mun styðja forystu Sjálfstæðisflokksins eftir sem áður,“ segir Diljá Mist.

Langflestir þingmenn flokksins sem hafa gefið opinberlega upp afstöðu sína segjast styðja Bjarna. Þingmenn sem ekki styðja Bjarna benda þó á að þegar Davíð bylti Þorsteini hafi aðeins einn sitjandi þingmaður Sjálfstæðisflokksins lýst fyrir fram stuðningi við hann. ■

Prjónað á börnin
AF EYNN MEIRI ÁST

SPARI OG HVERSDAGS

Yfir 50 uppskriftir eftir Lene Holme Samsøe að fallegum og sígildum fötum á nýfædd börn og upp í tólf ára.



Hvernig byggjum við lífsgæðaborg?

Hvar verið er að byggja nýjar íbúðir og hver eru framtíðarbyggingarsvæðin?

Hvernig eflum við gæði byggðarinnar og hverjar eru áherslur borgarinnar með borgarhönnunarstefnu?

Verið öll velkomin á kynningarfund um uppbyggingu íbúða í Tjarnarsal Ráðhúss Reykjavíkur föstudaginn 4. nóvember kl. 9–11.

Boðið upp á morgunhressingu frá kl. 8:30.

Kynningum verður streymt á vef Reykjavíkurborgar reykjavik.is/ibudir

Dagur B. Eggertsson
borgarstjóri
Uppbygging íbúða í Reykjavík

Jan Vapaavuori
fv. borgarstjóri Helsinki og
húsnæðismálaráðherra Finnlands
Þættir heildstæðrar og
sjálfbærrar húsnæðisstefnu

Ný kortasjá um íbúðir í Reykjavík
opnuð formlega

Edda Ívarsdóttir
borgarhönnuður
Gæði byggðar, borgarhönnunar-
stefna og innleiðing hennar

Margrét Harðardóttir
arkitekt
Eftir sem áður

Hrafnkell Proppé
skipulagsfræðingur
Keldur - vel tengt framtíðarhverfi

Rebekka Guðmundsdóttir
borgarhönnuður
Þræðir lífsins á milli bygginganna,
ferli hönnunarleiðbeininga

Hildur Gunnlaugsdóttir
arkitekt
Ný nálgun á samgöngumannvirki

Fundarstjóri er
Björg Magnúsdóttir

Gagnrýnir Umhverfisstofnun

bth@frettabladid.is

VEIÐI „Þetta er gleðidagur en ég hefði viljað að skotveiðimenn hefðu átt þess kost að veiða um síðustu helgi,“ segir Áki Ármann Jónsson, formaður Skotvís.

Rjúpnaveiðitímabilið hófst í gær en skrýtin staða er uppi vegna óvissu með veiðistofninn að sögn Áka. Þar ber hæst áhyggjur af hruni á Norðausturlandi.

„Við vitum ekki stöðuna í raun fyrr en veiðimenn fara að ganga um svæðin,“ segir Áki.

Alls verða veiðar leyfðar 24 daga á þessari vertíð, frá föstudegi til þriðjudags í nóvember auk fyrstu helgarinnar í desember. Hins vegar má aðeins veiða frá klukkan 12 á hádegi uns birtu bregður.

Áki er ekki sáttur við það, enda segir hann engin gögn styðja hálfá veiðidaga en ekki heila.

„Við vorum líka ósátt við aðdraganda ákvörðunar um fyrirkomulag veiða. Okkur fannst að um sýndar-



Áki Ármann Jónsson stefnir að því að ganga til rjúpna á næstunni.

samráð væri að ræða. Umhverfisstofnun boðaði okkur á fund en á fundinum máttum við ekki ræða okkar afstöðu efnislega,“ segir Áki.

Talið er að veiðistofninn nú sé um 297.000 rjúpur. Í fyrra veiddust 26–27.000 rjúpur og þetta árið er kvótinn 25.000 fuglar. Mælt er til að veiði á hvern veiðimann verði ekki meiri en en sex rjúpur. Formaður Skotvís brýnir skotveiðimenn til að gæta hófs í veiðum. ■



Deilurnar snúast meðal annars um stafafuru sem sumt landgræðslufólk telur ágenga í náttúrunni.

MYND/ADSEND

Óttast að Skógræktin verði undir við sameininguna

Formaður Skógræktarfélag Íslands óttast að sameining Skógræktar og Landgræðslu snúist um sparnað. Þá geti deilur milli starfsmanna truflað sameiningu og vanda þurfi undirbúning.

kristinnhaukur@frettabladid.is

STJÓRNSÝSLA Ótti er innan Skógræktarfélag Íslands um að Skógræktin verði undir í fyrirhugaðri sameiningu við Landgræðsluna sem Svandís Svavarsdóttir matvælaráðherra hefur boðað. Bæði hvað varðar fjármagn til starfsmanna og stefnu.

„Við höfum áhyggjur af því að sameiningin snúist af mikið um sparnað. Þessi sparnaður gæti komið niður á starfi sem er nú unnið á þessum tveimur stöðum og við horfum sérstaklega til skógræktar,“ segir Jónatan Garðarsson, formaður félagsins sem á sér nærrí 90 ára sögu og heldur utan um 64 skógræktarfélög um land allt. Fordæmið sé til staðar í sams konar sameiningu í Danmörku. „Hugtakið skógur fór út eftir sameininguna í Danmörku,“ segir Jónatan.

Umræðan um sameiningu Skógræktarinnar og Landgræðslunnar hefur lengi verið til staðar en um miðjan október tilkynnti ráðherra



Hugtakið skógur fór út eftir sameininguna í Danmörku.



Jónatan Garðarsson, formaður Skógræktarfélag Íslands

átælanir sínar. Allt starfsfólk mun fara yfir í nýja stofnun en Pröstur Eysteinnsson skógræktarstjóri og Árni Bragason landgræðslustjóri munu brátt báðir hætta vegna aldurs.

„Þessar stofnanir eiga samleið ef rétt er staðið að málum,“ segir Jónatan. Landgræðslan hafi orðið til úr Sandgræðslunni sem var eitt sinn hliðarverkefni Skógræktarinnar. Stjórnvöld verði hins vegar að passa upp á að það halli ekki á starfið í annarri hvorri stofnuninni eftir sameiningu og að það verði ekki horft fram hjá löngu og áhrifamiklu starfi, svo sem rannsóknarvinnu og fleiru. Ef allir eru með opinn huga gæti sameiningin heppnast vel.

Deilur hafa hins vegar staðið milli einstaklinga innan sem utan stofnanna. Þessar deilur birtast meðal annars í bókun Skógræktarfélag Íslands frá því í byrjun september þar sem skorað var á ráðherra að fara varlega í úrvinnslu hugmynda um sameiningu.

„Því miður virðast nokkrir starfsmenn Landgræðslunnar á síðustu árum telja það verkefni sitt að gagnrýna með óvægnum hætti starfsemi Skógræktarinnar og skógræktarféлага út frá trúarlegum eða þjóðernislægum lífsskoðunum svo sem hvaða trúategundir eigi sér þegnrétt í íslenskri náttúru,“ segir þar.

Jónatan segir skógræktar fólk óttast hreintrúarstefnu varðandi úttar jurttir, til dæmis stafafuruna sem sumt landgræðslufólk telur ágenga í náttúrunni. En stafafuruna þekkja Íslendingar best sem vinsælasta jólatréd sem ræktað er hér á landi.

„Deilurnar rista ekki djúpt en ákveðnir starfsmenn innan beggja stofnana hafa verið með skot hver á annan,“ segir Jónatan. „Við óttumst að það muni vera truflandi í sameiningu. En það er þeirra að finna leiðina og sætta sjónarmið.“ Nauðsynlegt sé að samráð og undirbúningur að sameiningu sé betri en hann hefur verið. ■



Jens Þór Jensson flugmaður tekur við lykklum að nýju vélinni. MYND/ADSEND

Play fékk nýja farþegaþotu afhenta

benediktboas@frettabladid.is

SAMGÖNGUR Flugfélagið PLAY hefur fengið afhenta glænýja farþegaþotu beint frá Airbus. Af mörgu er að taka í nýrri vél en í upphaldi er LED-lýsingin sem lætur farþegana fljúga í norðurljósasýningu. „Þessi er beint úr kassanum. Það er meira að segja nýjábilslykt inni í henni,“ segir Birgir Jónsson, forstjóri PLAY, um þotuna sem er 180 sæta A320neo.

Vinna við þotuna hófst fyrir um einu og hálfu ári og völdu starfsmenn PLAY allan þann búnað sem er í vélinni. Meðal annars voru

valin sæti sem eru einstaklega létt en þægileg. Sætin verða einnig búin höldum fyrir spjaldtölvur og síma sem farþegar geta notað ef þeir vilja horfa á eigið afþreyingarefni. Þau hafa einnig USB A- og USB C-hleðslu sem getur komið sér vel. Sætisbeltin verða að sjálfsgöðu rauð sem er einkennislitur flugfélagsins.

„Svo er það nú smá í upphaldi hjá mér hvernig við getum stillt lýsinguna í farþegarýminu. Þetta er sérútbúin LED-lýsing þar sem við getum meðal annars sett á norðurljósastillingu, sem er einmitt helsta aðráttarafi Íslands þegar kemur að ferðamönnum,“ segir Birgir. ■

Skattagögn Trumps ekki afhent

ragnarjon@frettabladid.is

BANDARÍKIN John Roberts, hæstaréttardómari í Bandaríkjunum, hefur tímabundið stöðvað framsal á skattaupplýsingum fyrrverandi Bandaríkjaforsetans Donalds Trump til þingnefndar Bandaríkjaþings sem stjórnad er af Demókrötum. Ástæðan fyrir töfnni er sú að hæstiréttur mun þurfa að fara yfir áfrýjun Trumps til hæstaréttar í málinu en barist hefur verið um skattaupplýsingar Trumps allt frá 2019.

Trump hefur áður þurft að afhenda saksóknara í New York-fylki eintak af skattagögnum sínum í tengslum við sakamálið.



John Roberts hæstaréttardómari. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Ekki hefur þó enn komið fram nein kára í tengslum við það mál. Málsvörn Trumps er sú að falast sé eftir skattaupplýsingum hans af flokkspólitískum ástæðum. ■

Talningarmálið til umboðsmanns

ragnarjon@frettabladid.is

STJÓRNSÝSLA Umboðsmaður Alþingis hefur tekið til skoðunar umkvörtun Indriða Stefánssonar, varaþingmanns Pírata, í talningarmálinu svokallaða. Indriði vísaði máli sínu til umboðsmanns eftir að ríkissaksóknari vísaði kærnu hans í málinu frá þann 25. október.

Málið varðar mistök sem gerð voru við talningu atkvæða í Norðvesturkjördæmi en eftir að vankantar höfðu komið upp við talningu atkvæða var ráðist í endurtalningu sem leiddi til þess að niðurstöður kosninganna breyttust.

„Þetta er eflaust núna á frumstigi og það er verið að skoða hvaða forsendur séu fyrir hendi,“ segir Indriði sem fagnar þeirri niðurstöðu að málið sé til skoðunar hjá umboðsmanni Alþingis.

„En eins og ég segi þá þykir mér enn óskiljanlegt hvernig þetta gat verið niðurstaðan hjá ríkissaksóknara,“ segir Indriði en ein af umkvörtunum hans til umboðsmanns var að ríkissaksóknari hefði ekki svarað um ástæðu þess að Indriði áfrýjaði máli sínu til embættisins sem upphaflega var hafnað af héraðssaksóknara. Hann telur því að málið krefjist frekari skoðunar.



Talningarmálið svokallaða kom upp í Norðvesturkjördæmi í alþingiskosningum árið 2021.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

„Eins og ég skil kosningalögin þá breytir það engu um niðurstöðu kosninga hvað kæmi út úr þessu því allur sá frestur er liðinn og Alþingi er búð að staðfesta kosningarnar,“ segir Indriði. „Svo einu hagsmunirinnir sem virðast vera undir eru að vernda þá aðila sem eru í yfirkjörstjórn í Norðvesturkjördæmi,“ segir Indriði einnig og segist ekki skilja hvers vegna héraðssaksóknari og ríkissaksóknari svara ekki mörgum af þeim atriðum sem hann lagði fram í kærnu sinni.

„Við erum að tala um kosningar, við erum að tala um grundvöll samfélagsins. Ég veit í raun ekki hvert stjórnkerfið okkar er komið fram þegar kosningar fara þannig fram að menn komast upp með að því virðist hvað sem er og viðbrögðin eru lítil sem engin,“ segir Indriði.

Skúli Magnússon, umboðsmaður Alþingis, var ekki tilbúinn að staðfesta hvort eða hvernig málið væri til skoðunar hjá umboðsmanni þar sem hann gæti ekki tjáð sig um einstök mál. ■


BARA, SMÁSTUND!




„Allt í kringum mig veltust áhorfendur um af hlátri frá byrjun til enda“
N.H. Víðsjá

★★★★★
S.B.H. Mbl.

Upplifðu töfrana í Borgarleikhúsinu



Glíf
Bubbi Morthens
Söngleikur



Á eigin
vegum



Síðustu
dagar
Sæunnar

Fjöldi sýninga í nóvember



Borgarleikhúsið

Nauðsynlegt að taka í hornin á rekstri borgarinnar

ggunnars@frettabladid.is

Ráðist verður í umfangsmikinn niðurskurð hjá Reykjavíkurborg á næstu árum. Þetta er meginsteifið í fjárhagsáætlun borgarinnar sem lögð var fyrir borgarráð í gær.

Meðal þeirra aðgerða sem gripið verður til er flöt aðhaldskrafa og tæplega fimm prósentu hækkun gjalda.

Einar Þorsteinsson, formaður borgarráðs, segir stöðuna í rekstri borgarinnar óásættanlega. „Við hreinlega verðum að taka í hornin á rekstri borgarsjóðs og gera það af festu.“

Einar segir aðgerðirnar þær umfangsmestu í rekstri borgarinnar frá efnahagshruni. Mikilvægast sé þó að takmarka áhrif aðgerðanna á borgarbúa og verja þjónustuna.

„Það ríkir sátt um þetta í meirihlutunum. Verðbólgan bitnar á

borginni eins og öðrum og lánskjör hafa versnað. Við verðum því að leita inn á við og hagræða.

Þrátt fyrir niðurskurðinn er útlit fyrir sex milljarða króna halla á næsta ári samkvæmt áætluninni. Útgönguspá yfirstandandi árs gerir ráð fyrir halla upp á 15 milljarða.

Aðspurður hvort þessar aðgerðir dugi til segir Einar mikilvægt að horfa til nokkurra ára tímabils í senn og skera niður í skrefum. „Við ætlum að ráðast í tveggja prósentu hagræðingu strax á næsta ári og halda svo áfram á því næsta. Okkar áætlanir ganga út á að koma böndum á reksturinn innan þriggja ára.“

Til þess að svo megi verða þurfi að rífa seglin og draga úr útgjöldum að mati Einars.

„Við sjáum til dæmis að launakostnaður er orðinn allt of hár. Við þurfum að stíga ákveðið á bremsuna þar og erum að gera það með

nýjum ráðningareglum sem gilda á öllum sviðum nema í leikskólum, fristund og í hluta velferðarþjónustunnar.“

Einar segist ekki ætla að fella neina dóma yfir ákvörðunum fyrri meirihluta varðandi stöðuna. Aðalatriðið sé að grípa til markvissra aðgerða og horfa raunsætt á stöðuna eins og hún blasir við í dag.

„Reykjavík er ekki eina sveitarfélagið sem glímur við alvarlegan rekstrarvanda um þessar mundir. Málaflokkur fatlaðra er undirfjármagnaður og það hefur áhrif á rekstur sveitarfélaga um allt land. Við erum einfaldlega að segja að við þurfum að beita okkur á öllum vígstöðvum. Sækja aukid fjármagn frá ríkinu og rétta þannig við rekstur viðkvæmra málaflokka, en um leið draga úr útgjöldum og koma grunnrekstri borgarsjóðs í betra horf,“ segir Einar. ■



Einar Þorsteinsson, formaður borgarráðs, segir sátt ríkja í meirihlutunum um aðgerðirnar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Fjörutíu prósent ná ekki að eignast húsnæði

Ný rannsókn bendir til að stór hluti leigjenda á húsnæðismarkaði sé fastur þar til frambúðar. Á sama tíma er ákveðin snjóhengja yfir óverðtrygðum lánum sem tekin voru á föstum vöxtum.

helgisteinar@frettabladid.is

Viðskiptafræðideild Háskóla Íslands stóð fyrir fundi í gær um stöðuna á fasteignamarkaði. Tilfellið var að á næstu tveimur til þremur árum mun mikill fjöldi fasteignalána sem tekin voru á föstum vöxtum verða teknin til endurskoðunar. Mörg heimili munu glíma við hærri greiðslubyrði og hefur þessari stöðu verið líkt við snjóhengju yfir hagkerfinu.

Samkvæmt Seðlabankanum munu þau heimili sem hafa tekið óverðtrygð lán á föstum vöxtum til ýmist þriggja eða fimm ára á árunum á 2020 og 2021 horfa fram á verulega hækkða greiðslubyrði næstu árin, ef vaxtastig í landinu helst svipað og það er nú. Heimilin sem bera þessar skuldir munu þá annað hvort þurfa að breyta skilmálum lána sinna eða lengja í lánum til að reyna að lækka greiðslubyrðina þegar til vaxtaendurskoðunar kemur.

Páll Pálsson fasteignasali segir að markaðurinn þurfi að venjast því að horfa fram á 4 til 6 prósentu vaxtahækkun næstu fimm til tíu árin, frekar en 2 til 4 prósentu hækkun. „Ég er á þeirri skoðun að verðtrygð lán eigi ekki að fara út af markaðnum nema við vitum hvað við fáum í staðinn og það sem við eigum að fá í staðinn eru lægri vextir á óverðtrygðum lánum.“

Páll bætir við að það sé mjög sorgleg staða að Seðlabankinn sé búinn að herða reglur varðandi afborganir sem þýðir að margir hafa neyðst til að taka verðtrygð lán til að brúa ákveðið bil í von um að ná upp greiðslumati.



Mikið óöryggi hefur skapast á húsnæðismarkaði sem endurspeglast í aukinni streitu í íslensku samfélagi.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



Margt fólk er líka skiljanlega reitt eftir hrun, þegar því var hent út á götuna og fasteignin sem það missti rauk síðan upp.



Mår Wolfgang Mixa, lektor við Háskóla Íslands

Mår Wolfgang Mixa, lektor í fjármálum við Viðskiptafræðideild Háskóla Íslands, bar einnig saman stöðu leigjenda og kaupenda og segir að á Íslandi hafi ríkt séreignarstefna seinustu 100 árin. Sú menning veldur því að margir leigjendur eru líklegri til að upplifa eigið húsnæði sem eftirsóknarvert en innan við 10 prósent fólks á leigumarkaði segjast vilja vera þar til frambúðar.

„Bráðabirgðaniðurstöður benda til þess að 40 prósent muni eiga mjög erfitt með að safna sér fyrir íbúð. Þetta er orðið algengt vandamál og hefur það í för með sér að fólk festist á leigumarkaði og ýtir þessi staða undir reiði og óánægju og er nú þegar farin að gera það. Margt fólk er líka skiljanlega reitt



Páll Pálsson, fasteignasali

eftir hrun, þegar því var hent út á götuna og fasteignin sem það missti rauk síðan upp,“ segir Mår.

Fólksfjöldgun og ferðaþjónustan hafa líka haft mikil áhrif á eftirspurn eftir húsnæði. Samkvæmt Hagstofunni fjölgaði Íslendingum um 37 þúsund manns frá árinu 2012 og fram til ársins 2019. Þar af voru erlendir ríkisborgar um 23 þúsund.



Innan við 10 prósent fólks á leigumarkaði segjast vilja vera þar til frambúðar.

Munaði þar mest um gríðarlega eftirspurn eftir starfsfólki í ferðaþjónustu.

Samkvæmt könnun sem Mår og Kristín Erla Tryggvadóttir unnu að töldu 86 prósent leigjenda að það væri óhagstætt að leigja íbúðarhúsnæði á Íslandi. Samkeppni um íbúðarhúsnæði er einnig misjöfn og ljóst er að ekki hafa allir sömu möguleika á að verða fyrir valinu sem leigjendur. Um 40 prósent leigjenda finna sér húsnæði í gegnum persónuleg sambönd og finna margir erlendir leigjendur fyrir forðómum í umsóknarferlinu. Starfsmaður hjálparsamtaka tók undir að tengslanet skipti miklu máli í íbúðaleit og nefndi að fólk leitaði mikið til annarra innan „sins menningarlega hóps“.

Mår leggur einnig áherslu á hugtakið „tvísýnleika“ sem lýsir viðkvæmri stöðu einstaklinga á leigumarkaði og hvernig uppbygging leigumarkaðarins undanfarin ár hafi skapað leigjendum aðstæður sem einkennast oft af óöryggi. Rannsókn sem Mår vann með Kristínu Loftsdóttur og Önnu Lísu Rúnarsdóttur sýnir að streita hafi aukist í íslensku samfélagi síðustu áratugi. Aukinn stéttamunur og efnahagsleg misskipting endurspeglast í þeirri rannsókn, þar sem flestir viðmælendur búa við streitu vegna húsnæðisaðstæðna. ■



577 5600 | info@oskaskrin.is | oskaskrin.is

ÓSKASKRÍN GEFUR SVO MARGT



Óskaskrín



Gisli Konráðsson, einn af stofnendum Arctic Theory, segir tölvuleiki virka eins og nýja útgáfu af samfélagsmiðli.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Vilja umturna tölvuleikjum eins og við þekkjum þá

Íslenska tölvuleikjafyrirtækið Arctic Theory vinnur að framleiðslu nýs tölvuleiks sem er sambland af fjölspilum og samfélagsmiðli. Leikurinn ber vinnuheitið Annex og er væntanlegur á næsta ári.

helgisteinar@frettabladid.is

Gisli Konráðsson er einn af fjórum stofnendum Arctic Theory, íslensks tölvuleikjafyrirtækis sem stofnað var í júní 2020 af honum, Matthíasi Guðmundssyni, Snorra Sturlusyni og Jóni Bjarna Bjarnasyni, og deila þeir yfir 100 ára samanlagðri reynslu af tölvuleikjum sín á milli. Stofnendurnir fjórir hafa einnig komið að nokkrum metnaðarfullstu tölvuleikjum síðustu áratuga, þar á meðal EVE Online og Sims og er starfsemin rekin úr litlu húsi sem byggt var árið 1908 við Strandgötu í Hafnarfirði.

„Við viljum hafa þetta umhverfi heimilislegt því okkur finnst mjög mikilvægt að fólki líði vel í vinnunni. Við erum að sjálfsgöðu að vinna sem miklir fagmenn og brautryðjendur en á sama tíma skiptir vinnustaðamenning miklu máli. Við lítum á skrifstofuna hér sem hjartað, en við viljum fá fólk úti um allan heim með mismunandi bakgrunn,“ segir Gisli.

Hann bendir á að hugmyndafræði fyrirtækisins byggist fyrst og fremst á þremur þáttum: sköpunargáfu, samvinnu og samfélagi og bætir við að Covid-19 hafi einnig spilað stóran þátt í breyttum tölvuleikjaheimi þar sem fólk leitaði oft til sýndarheima fyrir nýsköpun í faraldrinum eftir að hafa misst aðgang að raunheiminum. Á sama tíma er Arctic Theory frábrugðið mörgum stærri tölvuleikjafyrirtækjum að því leyntinu til að fyrirtækið vill frekar tryggja sér langtíma viðskiptavinum með tölvuleik sinum heldur en skjótfengingunni gróða.

Fyrr á árinu tryggði Arctic Theory sér 260 milljóna króna fjármögnun frá Brunni vaxtarsjóði II sem stýrt er af Brunni Ventures og Landsbréfum og hefur fyrirtækið einnig fengið 50 milljóna styrk frá Rannís fyrir þróun á nýrri tæknilausn fyrir tölvuleik sinn.

Tölvuleikurinn ber vinnuheitið Annex þar sem spilarar leiddir per-

sónu sína í gegnum framtíðarheim sem hefur upplifað einhvers konar dómsdagsörög. Innblásturinn að umhverfi leiksins kemur mikið frá íslenskri náttúru og norðurlóðum og er leikurinn keyrður á hinum svokallaða samtengda heimi eða „Single-Shard“ líkani þar sem allir spila í sama heimi frekar en á mismunandi netþjónum. Hlutverk spilarans er þá að endurbyggja samfélagið og ólíkt mörgum slíkum bardaga- og hamfaraleikjum byggir velgengni í Annex mikið á góðu samstarfi milli þeirra sem spila leikinn í rauntíma.

„Við viljum vera með samvinnu frekar en samkeppni og til þess að búa til leik sem lifir í mörg ár eins og EVE Online og Minecraft, þar sem samvinnuumhverfið er svo sterkt, þá viljum við ýta undir það að styrkja tengsl á milli fólks sem verður til þess að það eyði meiri tíma í leiknum.“ Leikurinn leyfir þar með leikmönnum að búa til sinn eigin fullkomna heim í ákveðnum tölvuleikjasandkassa.

Þrátt fyrir mikla spennu í tölvuleikjaheiminum hefur Annex líka hlotið ákveðna gagnrýni fyrir að sleppa þessum samkeppniseiginleika sem einkennir marga leiki þar sem persónan þarf að lifa af. „Það eru svo margir sem vilja setja samasemmerki á milli tölvuleikja og ofbeldis og að blöðþrýstingurinn þurfi að vera alveg í toppi. En það sem við viljum segja er að þessi nýja kynslóð tölvuleikja fjallar miklu meira um að vera saman og eiga samskipti.

Það sem ég sé er að þessi tilfinning er miklu langlífari en samkeppnislífingunni af því í fæstum tilfellum endar þú á því að þér líði illa eftir að hafa spilað Sims. En þér líður hins vegar illa ef þú tapar í World of Warcraft eða ert skotinn því það er svo neikvæð persónuleg upplifun að þú sért verri en einhver annar í leiknum,“ segir Gisli.

Tæknilausnin sem Arctic Theory þróaði einnig snýr að ákveðinni veður- og landslagshermun þar sem veður breytist eftir því hvar spilarinn er í leikjaheiminum og geta leikmenn einnig haft áhrif á landslagið í kringum sig. Ef leikmaður til dæmis heggur niður tré mun það vaxa aftur hægt og rólega. Ef stíflu er komið fyrir á einum stað mun að sama



Þessi nýja kynslóð tölvuleikja fjallar miklu meira um að vera saman og eiga samskipti.

skapi vatnsmagnið minnka á öðrum stað og ef leikmenn byrja á ákveðnu verkefni og hætta svo skyndilega viðhaldi á því mun það hægt og rólega brotna niður og hverfa.

Gisli bendir á að nútíma tölvuleikir virki einfaldlega eins og ný útgáfa af samfélagsmiðli. Þar sem eldri kynslóðir eru á Facebook og Instagram, hafa framleiðendur tekið eftir því að unga fólkið kemur heim úr skólanum og vinnur heimavinnu sína í gegnum spjall-flippann í tölvuleiknum Fortnite. Á undanförunum árum hefur fjölspilunarmenningin stækkað úr afmörkuðum hópi áhugamanna og blandast saman við samfélagsmiðla til að þróa nýjan raunveruleika.

Áætluð prufuútgáfa af leiknum verður gefin út á næsta ári og mun Arctic Theory viðhalda og breyta leiknum eftir þörfum. Tækifæri fyrir ráðningar hafa þar með opnast og leitast félagið nú við að ráða í um 20 nýjar stöður, þar á meðal markaðsstjóra, listrænan stjórnanda, yfirframleiðanda, leikjahönnuð, leikjaforritara, framendaforritara, bakendaforritara og grafískan hönnuð.

„Ég trúir því að þetta sé grunnurinn að næstu stóru umturnun á því sem við þekkjum sem tölvuleiki. Þetta sambland af samfélagsmiðlum og tölvuleikjum mun búa til eitthvað nýtt sem ég hef kallað samfélagsheima og við hlökkum til að fá fólk í þetta sem er jafn spennt fyrir þessu og við,“ segir Gisli. ■

Nýr upplýsingavefur verzlunar og þjónustu

arnartomas@frettabladid.is

Rannsóknarsetur verzlunarinnar (RSV) hefur frá stofnun beitt sér fyrir því að fylgjast með þróun og breytingum sem varða verzlun og neysluhegðun og koma upplýsingum því tengdum til fyrirtækja og almennings. Í gær fór í loftið nýr notendavefur, Sarpurinn, þar sem lagt er upp með að hafa upplýsingarnar allar á einum stað.

„Þetta er lokaður notendavefur sem er hugsaður fyrir alla sem hafa einhvern áhuga á að fylgjast með tölfræðiupplýsingum og fréttum,“ segir Sigrún Ösp Sigurjónsdóttir, forstöðumaður RSV. „Grunnhugmyndin okkar er að vera sá staður sem uppfyllir allar þarfir þeirra sem leita sér upplýsinga um verzlun og þjónustu.“

Stærsta hlutverk RSV hefur til þessa verið og mun áfram verða að halda utan um kortaveltugögn.

„Gögnin koma frá öllum færsluhirðum sem sjá um hirðuveltu á Íslandi. Það hefur verið okkar helsta



Sigrún Ösp Sigurjónsdóttir, forstöðumaður RSV

greiningarvara – það er mikið vitnað í kortaveltugögnin okkar í fjölmiðlum mánaðarlega, þau eru notuð af bönkunum og seðlabönkunum,“ útskýrir Sigrún Ösp. „Okkar langtíamarkmið er líka að nálgast gögn frá erlendum færsluhirðum sem vantar í gagnasafnið okkar og eru eftir því sem við vitum best að herja á innlendan markað.“

Á vefnum verða einnig birtar greiningar sem RSV hefur unnið í samstarfi við ýmsa aðila, vísitölur sem og verkefni sem unnið er með tollsviði skattsins þar sem teknar eru saman upplýsingar um netverzlun Íslendinga frá útlöndum. Meira um Sarpinn má finna á rsv.is. ■

Tveir sölustjórar ráðnir til Torgs

Sverrir Birgir Sverrisson og Hrafn Norðdahl hafa verið ráðnir sölustjórar hjá Torgi ehf.

Sverrir stofnaði fyrirtækin Ske og Skyn og byrjaði ungur að vinna sem verzlunarstjóri hjá Smash áður en hann fór yfir til 365 miðla 22 ára að aldri. Hann býr yfir 13 ára starfsreynslu í markaðsstörfum og mun starfa sem sölustjóri yfir prentmiðlum.

„Fréttablaðið er mest lesna blað Íslands og við viljum halda því áfram með frábæru starfsfólki og við stefnum á að gera Fréttablaðið enn sterkara með betri dreifingu,“ segir Sverrir.

Hrafn hefur unnið við sölu-mennsku frá 18 ára aldri en vann í hótélrekstri frá 2013-2018. Eftir það byrjaði Hrafn hjá DV þar sem hann vann í fimm ár. Hann hefur einnig



Sverrir Birgir Sverrisson og Hrafn Norðdahl. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

unnið sem verktaki hjá bæði DV og Pressunni.

„Ég hlakka til að halda áfram að vinna með frábæru fólki á lifandi vinnustað og hjálpa stórum sem smáum fyrirtækjum að stækka og finna sitt pláss á markaðnum,“ segir Hrafn. ■

RAFMÓTORAR



SCANVER EHF 588 80 40
www.scanver.is

GÍRAR - FÆRIBÖND - RAFMÓTORAR - LEGUR

Brauð og leikar



Björn
Þorláksson
bth
@frettabladid.is

Það er sama hvar borðið er niður í mót-sögnum samtímans.

Á sama tíma og umhverfisváin vomir yfir komandi kynslóðum og þörf fyrir vistvænar samgöngur hefur aldrei verið meiri – skerðir strætó þjónusta.

Á sama tíma og vísindin færa okkur staðreyndir um stórskaðlegar afleiðingar svifryks af völdum nagladekkja segir Umhverfisstofnun að fjöldi bíleigenda í Reykjavík hafi farið á nagladekk löngu áður en það var heimilt, í gær.

Á sama tíma og horft hefur verið til Íslands og árangurs okkar í forvarnamálum síðustu ár, leggur varfærnasti stjórnmalaflokkur landsins, Framsóknarflokkurinn, til að ÁTVR fái heimild til að selja áfengi á sunnudögum.

Á sama tíma og fjárlagafrumvarpið gerir ráð fyrir að Íslandsbanki verði seldur á næstunni virðist engin pólitísk samstaða um söluna innan ríkisstjórnarinnar.

Á sama tíma og Bjarni Benediktsson ber sér á brjóst vegna vanda Íbúðalánasjóds liggur fyrir að hann er að hluta ábyrgur fyrir þeirri stöðu sem upp er komin.

Á sama tíma og Svandís Svavarsdóttir kennir sig við náttúru og umhverfisvernd sniðgengur nefnd á hennar vegum atkvæðagreiðslu um gríðastaði hvala í Suður-Atlantshafi.

Ekki er að undra að erfitt sé að treysta stofnunum landsins. Eftir höfðinu dansa limirnir. Ef ríkið hegðar sér eins og það gerir og fer ekki að góðum síðum, því ættu þá borgararnir að gera það?

Í kjölfar hrunsins var hrópað hallelúja og varð til öflugt ákall um nýjan samfélagssáttmála. Hann átti að byggja á nýju trausti. Niðurstaðan nokkrum árum síðar er öndverð. Við lifum einn dag í einu þar sem furðu lostinn almúginn gleymir sér helst ef boðið er upp á brauð og leika. Nú er það slagurinn um formennsku í Sjálfstæðisflokknum sem skemmtir múgnum.

Við sitjum uppi með banka sem guma af eigin græðgi sem erfitt er að skilja að sé ekki brot á lögum: að það þyki í lagi að knésetja fólk sem skuldar, en inneign fái enga rentu.

Þjóðkirkjan er í kreppu vegna þeirra hneykslismála sem skekja hana. Þau snúa mörg hver að ofbeldi og eru í fullkominni andstöðu við sjálfan grundvallarboðskap kirkjunnar.

Útlendingaandúð, óttahyggi alræmda, grasserar í upplausnarástandinu sem einkennir samtímans. Ef við erum öll ringluð og allt of margir hafa það skítt, freistast jadarsettir til að reyna að gleyma eigin auma hlutskipti með því að finna óvin í ókunnugu fólki, sparka út í loftið.

Gósentíð vantraustsins er runnin upp. Inni í þokunni er ýmislegt að varast. ■

Ekki er að undra að erfitt sé að treysta stofnunum landsins. Eftir höfðinu dansa limirnir.



■ Halldór



■ Frá degi til dags

benediktboas@frettabladid.is
gar@frettabladid.is

Ráðningarbann

Loksins, loksins ætlar Reykjavíkurborg að setja örliðlar hömlur á ráðningar. Borgin hefur verið dugleg að ráða inn fólk, sérstaklega fjölmiðlafólk sem vill komast í innskó og langan kaffitíma. Þannig hrúgast inn tölvupóstur á ritstjórnir frá fyrrverandi fréttastjórum og verðlaunablaðamönnum um Ánægju með sumarfrístund eða Innköllun á sykurlausum Opal með saltlakkrisbragði. Enginn vill verða upplýsingafulltrúi þótt nauðsynlegt starf sé og því þarf borgin að hækka launin fyrir þessa blaðamenn. Þetta er ekkert draumastarf og því þarf borgin að borga. Og ætli ritstjórn borgarinnar sé ekki sú næstærsta – á eftir Landspítalanum.

Esperantó, nei takk!

Vá er fyrir dyrum íslenskra esperantista þessa dagana. Hefur fækkað svo í félagi þess ágæta hóps áhugafólks um hið alþjóðlega tungumál að ekki er þar lengur bolmagn til að halda úti húsakosti fyrir yfirgripsmikinn bókakost sem safnast hefur upp á langri vegferð. Töldu esperantistar upplagt að fela Landsbókasafninu þessa arfleifð sína til varðveislu en þar á bæ sagði fólk nei takk. Spurningin er núna hvort eftir verði til mót-mælagöngu að bókasafni hinna vanþakklátu þar sem hrópuð verða vígorð á esperantó í von um að mæta skilningi. ■

Skuldir óreiðustjórnarmála



Ragnar Þór
Ingólfsson
formaður VR

Ástæðan fyrir því að ríkið er talið áhættulaus skuldari er sú að ríkið getur skattlagt eða prentað sig út úr skuldavanda. Nú er ríkisstjórn Íslands búin að senda þau skilaboð að sparnaður sem byggist á ríkisábyrgð er ekki öruggur. Í ofanálag er ríkisábyrgð gagnvart fyrirtækjum eins og Landsvirkjun lítills virði. Í stað þess að leggja á fjármagnstekjuskatt, veidigjald og aðra auðlegðarskatta á yfirstéttina, sem færði þessum stjórnmalamönnum völdin þegar gjörningurinn var gerður, og þar með hlifa þeim sem minnst mega sín með því að standa við skuldbindingar sínar, ætlar ríkisstjórnin að láta lífeyrisþega borga skuldir óreiðustjórnarmála og bera hér þungstu byrðarnar vegna greiðslufalls sem vofir yfir eignum þeirra í formi íbúðabréfa með ríkisábyrgð. Yngri kynslóðir geta vonandi rétt sinn hlut síðar. Það er ljóst að tryggingafræðileg staða mun versna hjá mörgum lífeyrissjóðum sem mögulega getur leitt til þess að skerða þurfi lífeyri vegna þessarar aðgerðar.

Við slæma stöðu eldri borgara hangir svo miskunnarlaus skerðingadragur almannatrygginga. Þetta eru kaldar kveðjur sem ríkisstjórnin sendir eldri hópum samfélagsins. Með þessum lagakrökum eru allar líkur á að fjármálamarkaðir leggi hærri álgöngur á allan almenning til frambúðar, með hærri grunnvöxtum og hækkuðu vaxtaálagi, þar sem loforð íslenska ríkisins eru lítills virði. Hvað er ríkið að spara þegar ljóst þykir að hækka þurfi framlög inn í almannatryggingar á móti auk kostnaðar sem skert lánshæfi hefur í för með sér og hærri vaxtastig? Hvar er verðmiðinn á því?

Ég er enginn sérstakur aðdáandi íslenska lífeyrissjóðakerfisins en mér er mjög annt um afkomu eldra fólks og framtíðarkynslóða. Svona vanhugsáðar ákvarðanir fjármálaráðherra geta haft mikil og neikvæð áhrif á lífskjör okkar almennt. Ég fagna því að vakin sé athygli á þessum löngu fyrirséða vanda og varðandi vandamál eignum við að ræða lausnir en ekki að skapa glundroða með óabyrgum hætti sem getur haft ófyrirséð áhrif á lífskjör okkar til lengri og skemtri tíma. ■

Svona vanhugsáðar ákvarðanir fjármálaráðherra geta haft mikil og neikvæð áhrif á lífskjör okkar almennt.



FORLAGIÐ

Alltaf opið á www.forlagid.is

MIÐVIKUDAGUR 2. nóvember 2022



Leiðir hafa skilið hjá Gisele Bündchen og Tom Brady. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Velferð barnanna í hávegum höfð

thordisg@frettabladid.is

Ofurparið Gisele Bündchen og Tom Brady einblinir á velferð barna sinna nú þegar þau hafa ákveðið að skilja eftir þrettán ára hjónaband. Saman eiga þau Benjamín, 12 ára, og Vivian, 9 ára, en auk þess er Gisele stjúpmóðir Jacks, 15 ára sonar Toms úr fyrra hjónabandi.

Bæði hafa þau lýst yfir vilja til góðrar samvinnu í foreldrahlutverkinu svo börnin biði sem minnstan skaða af skilnaðinum.

„Við nutum þeirrar blessunar að eignast yndisleg börn sem verða ætíð miðpunktur alheimsins í okkar tilveru og í sameiningu sjáum við til þess að þau njóti áfram ástar og athygli sem þau þurfa og verðskulda,“ sagði Tom í yfirlýsingu vegna skilnaðarins.

Vildu meira af Tom heima

Ofurfyrirsætan Gisele tók í sama streng og sagði í sinni yfirlýsingu: „Fremst í forgangsröðinni eru, og hafa alltaf verið, börnin okkar sem ég elska af öllu hjarta.“

Orsök skilnaðarins er ósetti Gisele við að Tom ætli að halda áfram sem atvinnumaður í amerískum fótbolta. Í nýlegu viðtali við tímaritið Elle sagði hún:

„Þetta er afar ofbeldisfull íþrótt og við krakkarnir viljum að Tom sé meira til staðar. Við höfum rætt þetta fram og til baka en þegar upp er staðið verða allir að taka sínar ákvarðanir.“ ■



Þrjú hundruð þrjáda rúmfötin okkar eru æðislega mjúk og þau eru líka flest straufrí sem fólk kann að meta, segir Hildur Þórðardóttir verslunarstjóri.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Rúmföt sem hæfa kóngafólki

Hillurnar eru að fyllast fyrir jólavertíðina hjá Rúmföt.is, stærstu sérverslun landsins með rúmföt. Verslunin býður upp á afar vonduð rúmföt á sanngjörnu verði. **2**



POWERFUL NUTRITION FROM PLANTS

QUICK CALM

Velliðan - skerpa
FLJÓTVIRKTFæst í Fjarðarkaup, www.celsus.is



Seljum út á land í gegnum netverslun. Hildur Þórðardóttir verslunarstjóri er hér að ganga frá pöntun.



Klassísk rúmföt á 16.800 krónur frá litáíska fyrirtækinu DecoFlux.

Stærsta sérverslun landsins með rúmföt er vafalaust Rúmföt.is við Nýbýlaveg 28 í Kópavoginum. „Kosturinn við okkur er breiddin í verði og áherslan á gæði. Sængurfötin okkar henta vel til jólagjafa því þau eru betri og ódýrari en rúmfötin sem samkeppnisaðilar okkar eru að bjóða. Þrjú hundruð þráða rúmfötin okkar eru æðislega mjúk og þau eru líka flest straufri sem fólk kann að meta. Fólk elskar þau og kemur aftur og aftur að kaupa fleiri, enda auðvelt að vera með rúmfatablæti þegar það sér úrvalið hjá okkur,“ segir Hildur Þórðardóttir verslunarstjóri.

„600 þráða rúmfötin okkar eru orðin fræg um allt land. Þau eru örlítið dýrari, um 16 þúsund, en eru enn þá mýkri og örlítið þykkari. Þau henta sérlega vel þeim sem eru ekki með aðstöðu til að hengja rúmfötin upp, heldur nota þurrkara. Við mælum aldrei með miklum tíma í þurrkara fyrir rúmfötin, því hann getur rífið úr efninu svo rúmfötin endast skemur og verða hrjúfari með tímanum. Betra er að brjóta rúmfötin saman og hengja þau yfir þvottasnúru eða jafnvel hurð ef fólk er ekki með neinar snúrur.“

Fleiri þræðir þýða meiri mýkt
Fyrir um það bil einu ári hófu Rúmföt.is að einnig að selja rúmföt úr 900 þráða bómullarsatíni að sögn Hildar. „Því fleiri þræðir, því meiri mýkt og satínáferð. Ef fólk verður of heitt á nóttunni er gott að snúa þeim við og þá er efnid svalt og kælandi. Við prófum alltaf að þvo rúmfötin okkar til að sjá hvernig þau þola þvott og þessi voru mýkt og gæðalegst eftir marga þvotta.“

Það má segja að búðin hafi byrjað í horninu í afgreiðslu Þvottahúss A. Smith. „Þegar Fata-búðin og Verið lögðu upp laupana myndadist stórt skarð og fram-bodið af vönduðum rúmfötum var vægast sagt frekar lélegt. Fólk borgaði háar fjárhæðir fyrir rúmföt sem urðu svo að einu krumpustykki eftir aðeins einn þvott. Við sáum þetta þegar við þvöðum þessar vörur fyrir viðskiptavinum okkar og blöskraði hreinlega. Þetta var kannski íslensk hönnun, en gæðin á efnunum afsþyrnuleg. Við fórum því á stúfana og hófum sjálf innflutning á rúmfötum í margfalt betri gæðum.“

Quagliotti var eitt af fyrstu

” Sængurfötin okkar henta vel til jólagjafa því þau eru betri og á sanngjarnara verði en samkeppnisaðilar okkar eru að bjóða.

Hildur Þórðardóttir

merkjunum sem Rúmföt.is flutti inn. „Þetta ítalska fjölskyldufyrirtæki er næstum hundruð ára og vefur hágæða rúmföt fyrir flottustu hótél heims og sérstaka viðskiptavinum, svo sem bresku konungsfjölskylduna, milljarðamæringa og síðan okkur. Þeir hafa nú ofið og saumað rúmföt fyrir okkur í bráðum 17 ár, meðal annars sama mynstur og þeir framleiða fyrir Ritz hótelið í París.“

Bjóða upp á íslenska framleiðslu

„Annars kaupum við fullt af dýrindis efnum frá öðrum vefara á Ítalíu og erum stolt af því að geta boðið upp á íslenska framleiðslu,“ segir Hildur. „Fólk veit þá nákvæmlega hver saumaði rúmfötin.“

Saumakona Rúmföt.is, Margrét Guðlaugsdóttir, er með 60 ára reynslu og hefur saumað rúmföt fyrir tugi þúsunda Íslendinga. „Ég fæ að stjórna tíma mínum sjálf. Sauma kannski í fjóra tíma hér og fer svo heim og legg mig. Ég held ég myndi bara leggjast í kór ef ég hefði ekki félagsskapinn og verkefnið hér í vinnunni. Það er svo dýrmætt að halda sér gangandi og ekki síður að halda heilanum virkum,“ segir Margrét.

Hildur segir efnin sem þau kaupa vera úr sérvalinni egyptskri bómull, frá 600 þráða og allt upp í 1.400 þráða. „Ein eru til dæmis úr Giza 87 sem er besta bómull í heimi. Þetta er ýmist damask eða satín. Damask þýðir að mynstrið er ofið í efnid og satín þýðir glansandi áferð.“

Hún segir enn vera til fólk sem heldur að satín sé nafn á einhverju polyester-gervidrasli. „Við erum



Hjá Rúmföt.is má finna landsins breiðasta úrval af 600 þráða bómullarsatíni.



Vorum að fá nýja sendingu af rúmfötum.



Rúmföt í öllum regnbogans litum.



Lúxusrúmföt frá ítölskum vefurum, 34.000 krónur.

endalaust að leiðrétta það. Það er heldur ekkert silki í silkidamaski, heldur er þráðurinn fingerður svo efnid verður silkikenndara. Þetta eru náttúrulega ákveðin fræði og það er bara gaman að fræða fólk og leyfa því að finna muninn á ólíkum efnum.“

Margrét er búin að vera allt árið að sauma fyrir jólavertíðina að sögn Hildar og síðustu dagana fyrir jól eru hillurnar með settunum hennar venjulega orðnar tómar. „Þess vegna er gott að vera tímanlega og koma strax á meðan úrvalið er hvað mest.“ ■

Rúmföt.is er á Nýbýlavegi 28 í Kópavoginum og opnunartími er virka daga kl. 12-17.30 og laugardaga kl. 11-15. Nánar á rumfot.is.

comma,

Tísku dagar

1	vara	10%	afsláttur
2	vörur	15%	afsláttur
3	vörur	20%	afsláttur

*gildir ekki af skóm

Tískan

ÁRMÚLI 5 - 551 0300

Átræður og orkumikill

Helgi Guðmundsson húsa-smiður byrjaði að taka inn D-vítamín orkublöndu með burnirót frá ICEHERBS fyrir nokkrum árum. Hann segir blönduna gefa sér orku og hafi góð áhrif á sig almennt.

„Ég byrjaði fyrst að taka þetta inn til að halda sjóninni við, en ég er fæddur og uppallinn í sveit og vandist við að borða mikið af krækiberjum sem ég held að hafi stuðlað að því að ég hef alltaf verið með góða sjón. En ég er viss um að D-vítamín orkublandan hafi líka sitt að segja við að styrkja sjónina enda er ég orðinn 81 árs gamall og ekki enn farinn að nota gleraugu,“ segir Helgi.

Bætt orka bætir liðina

Helgi er menntaður húsa-smiður og starfaði lengi sem slíkur. „Ég var orðinn nokkuð slæmur í hnjúnum á tíma enda var ég starfandi smiður, lá mikið á hnjúnum í vinnunni og bólgaði upp í þeim. Fyrir nokkrum árum kynntist ég bætiefnunum frá ICEHERBS og fannst spennandi að prófa þau. Enda er ég vanur fjallagrösum, bláberjum og krækiberjum frá jurta-rikinu úr sveitinni fyrir vestan og trúi því að það sé rétt að treysta á náttúruna. Þegar ég byrjaði að taka inn D-vítamín blönduna frá ICEHERBS fannst mér hún gera mér gott að ýmsu leyti.

Ég er núna hættur að vinna en það er þó ekki langt síðan ég var að fíkta í þessu að gamni. Það eru kannski um þrjú eða fjögur ár síðan ég var að leggja parket, þó þetta gamall. Ég tel mig nú nokkuð góðan og er viss um að D-vítamín orkublandan hafi haft góð áhrif á liðina en líka orkuna. Meiri orka



Helgi Guðmundsson hefur tekið D-vítamín orkublöndu frá ICEHERBS í um árabil og segir áhrifin ekki hafa látið á sér standa. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

gerir mér kleift að hreyfa mig reglulega, eða um 3-4 sinnum í viku. Þá fer ég 2-3 í viku í ræktina og geng 1-2 í viku. Það hefur hjálpað til við að minnka bólgurnar í hnjúnum og bæta liðanina.

Ég finn að ég er orkumeiri almennt og þetta hefur áhrif á hvort annað, orkan og liðanin. Eftir því sem maður hreyfir sig meira þá eykst orkan. Ég hef líka haldið sjóninni, eða hún hefur alla vega ekki versnað í þessu tíu ár,“ segir Helgi.

Fann fyrir mun

„Ég tek D-vítamín orkublönduna allt árið um kring en inntakan er

ekki svo stíf að ég taki þetta með mér í hverja helgarferð. En svona flesta daga. Ég fann þó mun á mér, eftir að hafa farið í mánaðarferð norður í land án þess að taka bætiefnið með mér. Ég er ekki frá því að ég hafi verið stíðari eftir á, en það batnaði fljótt aftur eftir að ég byrjaði að taka þetta inn aftur.“

Við fáum einfaldlega ekki nóg D-vítamín er eitt mikilvægasta vítamínið sem líkaminn þarfnast. Það hjálpar okkur að vinna kalk úr fæðunni til þess að fyrirbyggja kalkskort og hefur jákvæð áhrif á sjónheilsu á ýmsan hátt. Skortur á því getur valdið ýmsum kvillum

eins og sársauka í liðum og í verstu tilfellum alvarlegum heilsufarsvandamálum. Í mörgum tilfellum þegar liðvandamál orsakast af D-vítamínskorti má snúa vandanum við með inntöku á D-vítamín bætiefni.

D-vítamín fáum við úr fæðu og úr sólarljósinu en fjöldi rannsókna sýnir fram á að nútímamaðurinn fær ekki nóg af D-vítamíni úr fæðunni. Við sem búum á norðlægum slóðum erum enn verr sett því við fáum líka of lítið af sólarljósi, hvað þá í svartasta skammdeginu. Því er lyklatríði að taka inn D-vítamín sem bætiefni til þess að tryggja nægilegt magn.

Einstök orkublanda

Orkublandan frá ICEHERBS inniheldur 2.000 einingar af D-vítamíni og hreina íslenska burnirót. Orkublandan er sniðin fyrir þá sem glíma við skammdegisslen. ICEHERBS fær mikið af góðum viðbrögðum frá neytendum um hvað varan gerir þeim gott. Flestallir finna mun á sér eftir að hafa tekið Orkublönduna daglega í 5-10 daga, og fólk vaknar mun hressara.

Hið norræna ginseng

Burnirótin er ein magnaðasta lækningajurt sem vex á Íslandi og eitt best geymda leyndarmál jurta-rikisins. Jurtin er oft kölluð hið norræna ginseng en hún er þekkt fyrir einstök áhrif sín á aukna orku, einbeitingu og úthald. Áður fyrr var hún meira að segja notuð til að auka frammi-

stöðu hermanna. Klínískar rannsóknir sýna einnig fram á að hún hjálpar fólki að vinna gegn stressi og álagi. Burnirótin er oft notuð til að vinna gegn orkuleysi, sleni og depurð og þannig vinnur hún vel með D-vítamíninu.

Innihaldsefni sem Orkublandan frá ICEHERBS samanstendur af eru algert dundur fyrir aukna orku, snerpu og úthald. Í hverju hylki eru 2000 einingar af D-vítamíni sem er viðmiðunargildi fyrir efri mörk daglegrar meðalneyslu á D-vítamíni. Burnirótin í Orkublöndunni er handtínd á Íslandi, þurrkuð, verkuð og mulin. Öll bætiefni ICEHERBS eru framleidd á Blönduósi. ■

ICEHERBS fæst í öllum betri matvöruverslunum, apótekum, heilsuvöruverslunum og í glæsiglegri vefverslun iceherbs.is.



Ísland á tíu fulltrúa á heimsmeistaramótinu í utanvegahlaupum sem fram fer í Chiang Mai í Taílandi á laugardaginn en íslenski hópurinn kom á áfangastað í gær eftir sólarhringsferðalag frá Íslandi.

gummih@frettabladid.is

Allir sterkustu utanvegahlauparar heims taka þátt í mótnu en keppt verður í tveimur vegalengdum í fjalllendi Chiang Mai, 40 kílómetrum og 80 kílómetrum. Friðleifur Friðleifsson er liðsstjóri íslenska liðsins sem í eru fimm konur og fimm karlar. Konurnar eru: Andrea Kolbeinsdóttir, Sigþóra Brynja Kristjánsdóttir, Elísabet Margeirsdóttir, Íris Anna Skúladóttir og Rannveig Oddsdóttir. Í karlaliðinu eru: Halldór Hermann Jónsson, Sigurjón Ernir Sturluson, Þorbergur Ingi Jónsson, Þorsteinn Roy Jóhannsson og Þórólfur Ingi Þórsson.

„Þetta verður bara mjög spennandi. Við höfum sjaldan verið með jafnöflugt lið og nú. Við höfum náð að mynda sterkasta liðið sem við höfum farið með á heimsmeistaramót og ég er virkilega ánægður með það,“ segir Friðleifur.

Keppt verður bæði í liða- og einstaklingskeppni í Taílandi við krefjandi aðstæður þar sem það er bæði heitt og rakt á þessum slóðum.

Andrea er rísandi stjarna

„Við tókum þátt í báðum keppnunum og verðum með fimm keppendur í hvorri grein. Þrjár karlar og tvær konur hlaupa 80 kílómetra og þrjár konur og tveir karlar keppa í 40 kílómetra hlaupinu. Í 40 kílómetra hlaupinu erum við til að mynda með Andreu Kolbeinsdóttur sem er rísandi stjarna í þessum

Krefjandi aðstæður bíða í Taílandi



Íslenski hópurinn sem tekur þátt á heimsmeistaramótinu í utanvegahlaupi. MYND/ADSEND

utanvegahlaupaheimi. Hún er skráð til leiks í sæti númer átta af þeim sem taka þátt í hlaupinu. Það verður mjög fróðlegt að sjá hvernig henni mun ganga gegn stelpum sem hafa komist á verðlaunapall í stórum hörkuhlaupum í Evrópu og Ameríku,“ segir Friðleifur.

Spurður um væntingar hans til síns fólks segir Friðleifur: „Númer eitt, tvö og þrjú er að allir geri sitt allra besta eins og alltaf. Við förum þannig séð ekki á þetta mót frekar en fyrri daginn með háleit markmið um verðlaunasæti. Þetta er í raun og veru verkefni sem snýr aðallega að því að gera hlaupurum á Íslandi kleift að taka þátt í svona

Þetta verður bara mjög spennandi. Við höfum sjaldan verið með jafnöflugt lið og nú og höfum náð að mynda sterkasta liðið sem við höfum farið með á heimsmeistaramót.

Friðleifur Friðleifsson

stórum viðburði eins og heimsmeistaramótinu í utanvegahlaupum er. Við leggjum mikið upp úr því að fara með eins marga og Frjáls-íþróttasambandið ræður fjárhagslega við og að mynda meiri stemningu í kringum utanvegahlaup á Íslandi. Við viljum gera þetta að eftirsóknarverðu verkefni og að yta vonandi á einhverja takka með að fá fljóttari og betri hlaupara eftir því sem árin líða,“ segir Friðleifur.

Gífurlega vinsælt á Íslandi

Er þetta ekki vaxandi íþróttagrein hér á landi?

„Utanvegahlaup er að verða gífurlega vinsælt á Íslandi og ef við

höfum tök á að senda tíu hlaupara á heimsmeistaramót þá hikum við ekki við að gera það. Þetta er í leiðinni hvatning fyrir yngri hlaupara að það sé svona stórt og flott verkefni í boði. Svo er aldrei að vita hvernig þetta sport þróast. Ég hef fulla trú á því að þessi íþrótt endi á Ólympíuleikunum innan tíðar,“ segir Friðleifur.

Friðleifur segir að undirbúningurinn fyrir heimsmeistaramótið hafi aðallega verið í höndum hlauparanna sjálfra.

„Þeir hafa verið mjög duglegir. Fjórir úr liðinu eru frá Akureyri og aðrir frá höfuðborgarsvæðinu. Þau hafa ýmist verið að nota fjöllin í Eyjafirði eða Esjuna og önnur fjöll hér í kringum höfuðborgina til þess að reyna að ná sér í einhverja hæðarmetra. Þetta snýst oft um það að reyna að verða sé út um klifurmetra. Það hefur bara gengið vel. Við vitum hvernig aðstæður munu verða. Hitinn verður í kringum 30 gráður og mikill raki bíður hlauparanna í Taílandi. Aðstæður á Íslandi til að stunda utanvegahlaup eru frábærar. Hitinn er aldrei af mikill en það getur stundum blásið svolítið. Á Taílandi erum við að fara í aðstæður sem hlaupararnir hafa nánast aldrei komið í. Það mun reyna vel á hlauparana, ekki bara á okkur Íslendingana, heldur alla frá Evrópu,“ segir Friðleifur. Hann hefur ekki nákvæma tölu yfir fjölda keppenda sem tekur þátt í heimsmeistaramótinu en þeir eru um 3.000 talsins frá 50 þjóðum.

„Það má segja frá því að við sendum jafnstórt lið til leiks eins og til dæmis Japan og stefnan er sú að vera með lið á hverju einasta HM sem við getum. Þetta er uppbyggingarstarf sem mun taka einhver ár en við erum komin með Andreu Kolbeinsdóttur sem er mjög hátt skrifuð.“ ■

Bílablaðið

2. NÓVEMBER 2022

Kemur sterkur inn í samkeppnina

Toyota Corolla Cross er nýjasta viðbótin við jepplingafloðu Toyota sem telur nú fimm gerðir af mismunandi stærðum. Bíllinn kemur inn í flokk þar sem ríkir mikil samkeppni um hylli kaupenda. **6**



Suzuki S-Cross fékk andlitslyftingu í fyrra og kemur nú í alvöru tvinnútfærslu. **8**



Toyota kynnrir bZ3-rafbílinn sem byggir sterklega á SDN-tilraunabílnum. **2**



GMC Sierra-rafpallbíllinn var kynntur nýlega en um öflugan 754 hestafla vinnuhest er að ræða. **4**

MYND/TOYOTA

EXIDE
TECHNOLOGIES



Betra start með Exide rafgeymum



Áreiðanlegir og sterkbyggðir rafgeymar fyrir flestar gerðir dráttarvéla. Veldu þaulreynda vöru frá gæðaframleiðanda.



Ráðgjafar Olis veita allar nánari upplýsingar í síma 515 1100 eða pontun@olis.is.

olis



Fyrsta útgáfan verður fjórhjóladrifin og hestöflin 321 en drægið betra en í Ioniq 5 vegna loftmótstöðunnar. MYND/HYUNDAI

Hyundai Ioniq 6 kemur í vor

njall@frettabladid.is

Áætlað er að fyrsta sending á Hyundai Ioniq 6 fjórhjóladrifnum komi til landsins í vor, eða um mánaðamótin mars/apríl. Forsala á bílnum hefst núna í nóvember en verð á bílnum hérlendis er ekki tilbúið. Á Bretlandseyjum mun fyrsta útgáfa bílsins kosta frá 9,1 milljón króna.

Hyundai Ioniq 6 mun nota sama E-GMP-undirvagn og tækni og Ioniq 5 en fyrsta útgáfa hans kemur með 77,4 kWst rafhlöðunni

og verður með fjórhjóladrifi og 321 hestafla með 605 Nm tugi. Hann verður með 800 volta rafkerfi með möguleika á allt að 350 kW hraðhleðslu. Ioniq 6 mun keppa beint við Tesla Model 3 og Polestar 2 en hann er þó aðeins stærri. Lengdin er 4.855 mm en það sem er mest um vert er 2.950 mm hjólhaf sem ætti að gefa gott rými innandyra og þá sérstaklega í aftursætum.

Meðal staðalbúnaðar í fyrstu útgáfu verða upphitun aftursæti, upphitun stýri, opnanlegt sólþak og rafdrifin afturlúga. ■



Hvort talan í mælaborðinu, sem sýnir 488 kílómetra drægi, sé það sem bíllinn kemst á rafhlöðunni mun koma í ljós í næstu viku. MYND/VOLVO

Engum hnöppum að hneppa í EX90

njall@frettabladid.is

Það styttesti óðum í frumsýningu nýs Volvo EX90 sem leysa mun XC90 af hólmi. Bíllinn verður frumsýndur 9. nóvember og Volvo hefur sent frá sér myndir sem gefa innýs í það hvernig hann mun líta út að innan.

Myndin sýnir, auk upplýsingaskjás og lóðrétts margmiðlunar-skjás, hnappalaust stýri og miðju-stökk. Því lítur út fyrir að Volvo fari

sömu leið og Tesla í að lágmarka fjölda hnappa í og að öllu sé stjórnað frá stóra skjánum í miðjustokki. Það kemur kannski ekki á óvart þegar horft er til Polestar 3 sem frumsýndur var nýlega en hann verður smíðaður á sama undirvagni og í sömu verksmiðju og EX90.

EX90 verður mjög tæknivæddur og þá sérstaklega öryggisbúnaði en myndavélar munu fylgjast með öllu sem fram fer kringum bílinn. ■



Toyota bZ3 svipar mjög mikið til SDN-tilraunabílsins sem kynntur var í desember í fyrra. MYNDIR/TOYOTA

Toyota kynnir bZ3-rafbílinn

Toyota hefur formlega kynnt til sögunnar bZ3-rafbílinn sem annan rafbíl merkisins. Bíllinn verður á sama grunni og bZ4X og líkt og hann er bZ3 mjög líkur tilraunabílnum sem kynntur var í desember í fyrra, þótt sjá megi áherslu frá bZ4X.

njall@frettabladid.is

Afturrúðan nær langt aftur sem gefur bZ3 hlaðbakslag. Ólíkt bZ4X er hleðsluportid á aftanverðum bílnum í stað framhluta. Það er helst að sjá breytingar frá bZ4X þegar komið er inn í bílinn en miðjuskjárinn er lóðrétur í bZ3. Einnig er miðjustokkurinn alveg ný hönnun þó að stýrið sé í laginu eins og vedhlaupabraut eins og í bZ4X.

Toyota hefur ekki gefið mikið upp um tæknimál bílsins annað en að hann sé á sama eTNGA-undirvagni og bZ4X. Það þýðir að hann er líklega með sams konar rafhlöðu og mótorum og hann, en þar er val um 201 hestafls framdrif eða 215 hestafla fjórhjóladrif. Toyota segir þó að BYD sé samstarfsaðili um nýja bílinn



Innanrými bZ3 er ólíkt bZ4X með lóðréttem skjá og nýjum miðjustokki.

» **Samstarfsaðili Toyota um bZ3 er BYD sem gefur til kynna að rafhlaðan gæti komið frá kínverska framleiðandanum.**

sem gefur til kynna að rafhlaðan gæti komið frá kínverska framleiðandanum. Drægi bílsins er betra en í bZ4X enda bíllinn með minni loftmótstöðu, en uppgæfið drægi Toyota er 600 km. Toyota bZ3 er 4.725 mm langur, 1.835 mm breiður og 1.475 mm á hæð sem gerir hann svipaðan að stærð og Toyota Camry sem hefur verið tekinn úr framleiðslu. ■

ERT ÞÚ EKKI NÓGU HARÐUR?

Man Power er hannað fyrir karlmenn sem vilja **auka orku** og **úthald** í rúminu.

Man Power inniheldur gingseng ásamt aminosýrum sem hafa jákvæð áhrif á þessa þætti.



Velkomin um borð!

MG MARVEL R PERFORMANCE



Eigum bíla á lager
til afhendingar strax!

MG MARVEL R PERFORMANCE

100% rafdrifinn, fjórhjóladrifinn, 7 ára ábyrgð*

Verð frá: 7.199.000 kr.

FLEX leiguverð frá: 182.090 kr. á mánuði.

Miðað við 36 mánuði og 18 þ.km. á ári. Nánar á flex.is

mgmotor.is

Recharge yourself



*Skilyrði fyrir ábyrgð eru að eigandi tryggji og kosti reglulegt þjónustueftirlit hjá viðurkenndum aðilum. Nánari upplýsingar á www.mgmotor.eu/is-IS/

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

Bílasala Reykjaness
Reykjanesbæ
www.bilasalareykjaness.is
419 1881

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is





ID.R var valinn rafdrifinn keppnisbíl ársins 2019 af Auto Bild en hann er þróunarbíl sem skilar 680 hestöflum. MYND/VOLKSWAGEN

Volkswagen með R-línu rafbíla

njall@frettabladid.is

Margir þekkja eflaust hina öflugu R-bíla Volkswagen, en nú er merkið á leiðinni með R-línu rafbíla. Volkswagen ætlar að byggja rafbílana á keppnisbílum líkt og með fyrri R-bílum og verður meðal annar byggt á tækni frá ID.R.

Gert er ráð fyrir að allir R-bílar Volkswagen verði orðnir rafdrifnir fyrir árið 2030. Þeir verða þó ekki byggðir á MEB-undirvagninum því að R-bílar munu þurfa sína eigin rafhlöðu. Hún er þó það dýr að ekki er ætlað að byggja svoleiðis bíl alveg á næstunni. R-bílar næstu ára munu þurfa að

» Gert er ráð fyrir að öll R-línan verði orðin rafdrifin árið 2030.

nota næstu kynslóð rafhlaða og rafmótora til að ná fram meiri orku en þeim 295 hestöflum sem núverandi bílar bjóða upp á. Ekki er búist við að ID.3 fái R-merkingu þar sem hann er aðeins afturhjóladrifinn, en líklegur er að ID.4, ID.5 eða ID.6 fái það þar sem þeir eru fjórhjóladrifnir. Búast má við fyrsta R-merkta tilraunarafbílum árið 2024. ■



Í dag eru um 70.000 hleðslustöðvar í öllu Þýskalandi. MYND/PORSCHE

Þýskaland fjórtánfaldar fjölda hleðslustöðva fyrir árið 2030

njall@frettabladid.is

Þýska ríkisstjórnin hefur samþykkt áætlun um að fjölga hleðslustöðvum fyrir rafbíla í eina milljón fyrir árið 2030. Samkvæmt áætluninni verður mest framkvæmt á næstu þremur árum og verða 6,3 milljarðar evra settir í verkefnið á þeim tíma. Í dag eru um 70.000 hleðslustöðvar í Þýskalandi en talan mun fjórtánfaldast fyrir árið 2030. Ekki verður bara horft á fjölmennustu svæðin í landinu heldur einnig strjálbýlli svæði.

„Okkar markmið eru að hraða uppbyggingu hleðslustöðva, einfalda aðgerðina að hlaða bílinn og

» Áætlunin gengur út á að fjölga hleðslustöðvum fyrir rafbíla í eina milljón fyrir árið 2030. Alls verða 6,3 milljarðar evra settar í verkefnið.

auðvelda þannig fólki að skipta yfir í rafbíla,“ sagði Volker Wissing, samgöngumálaráðgjafi Þýskalands, þegar tilkynnt var um ákvörðunina. ■

Salan mest í rafbílum á árinu

njall@frettabladid.is

Sala nýrra fólksbíla í október jókst um 2,8% miðað við október í fyrra, en alls voru skráðir 810 nýir fólksbílarnú en voru 788 í fyrra, samkvæmt fréttatilkynningu frá Bilgreinasambandinu.

Í heildina eftir fyrstu tíu mánuði ársins hefur salan aukist um 31,3% miðað við sama tímabil í fyrra. Í ár hafa selst 13.873 nýir fólksbílarnú samanborið við 10.568 nýja fólksbíla í fyrra.

Til einstaklinga seldust 504 nýir fólksbílarnú október samanborið við 525 á sama tíma í fyrra og er

því samdráttur í sölu um 4,0% milli ára. Það sem af er ári hafa selst 5.277 nýir fólksbílarnú til einstaklinga en í fyrra á sama tíma var búið að selja 4.851 nýjan fólksbíl sem er aukning um 8,78%.

Almenn fyrirtæki (önnur en ökutækjaleigur) keyptu 129 nýja fólksbíla í október í ár miðað við að hafa keypt 130 bíla í október í fyrra. Það sem af er ári hafa selst 1.632 nýir fólksbílarnú til almennra fyrirtækja en í fyrra á sama tíma var seldur 1.571 nýr fólksbíl og er því aukning milli ára um 3,8%.

Sala til ökutækjaleiga hefur verið góð á árinu og seldust 169



GMC Sierra er í grunninn sami bíll og Chevrolet Silverado EV en með nokkrum áherslubreytingum. MYND/GMC

GMC Sierra-rafpallbíllinn kynntur með 640 km drægi

Í kjölfarið á Chevrolet Silverado EV kemur GMC Sierra EV pallbíllinn í Deanli Edition 1 útgáfu. Eins og venjulega eiga pallbílarnú frá Chevrolet og GMC margt sameiginlegt, eins og Ultium-undirvagninn í þessu tilfalli.

njall@frettabladid.is

Það eru sömu mótora og rafhlaða og í Silverado sem þýðir að hann er með fjórhjóladrifi og 754 hestöflum að spila úr. Í Max Power Mode er hann aðeins 4,5 sekúndur í hundraðið. Sierra EV mun geta farið um það bil 640 km á hleðslunni samkvæmt EPA-staðlinum,

» GMC Sierra verður vel útbúinn með 19,2 kW hleðslustöð og fjöltengi fyrir 10 innstungur. Einnig er hann með Crabwalk-akstursstillingunni og fjórhjólástýringunni úr Hummer-rafjeppanum ásamt loftþúðafjöðruninni.

og hann mun geta hlaðið í allt að 350 kW hleðslustöð. Auk þess kemur hann með 19,2 kW hleðslustöð og fjöltengi fyrir 10 innstungur. Með því er hægt að hlaða önnur raftæki eða rafbíla eða jafnvel sjá heimilinu fyrir orku. Að sögn GM getur fullhlaðin rafhlaða séð heimili fyrir nauðynlegustu raforku í allt að 21 dag.

Dráttargeta GMC Sierra er 4,3 tonn. Loks er Sierra vel útbúinn, meðal annars CrabWalk-akstursstillingunni og fjórhjólástýringunni úr Hummer-rafjeppanum og loftþúðafjöðrun. Herlegheitin eru þó ekki ókeypis því að bíllinn kostar frá 15,7 milljónum í Bandaríkjunum. ■

Honda kynnir útskiptanlegar rafhlöður fyrir mótorhjól

njall@frettabladid.is

Honda hefur kynnt hleðslustöðvar þar sem notendur rafmótorhjóla og jafnvel fjórhjóla geti nýtt þær til að skipta út rafhlöðum sínum á mjög fljótlegan hátt. Fyrsta stöðin verður opnuð hjá ráðhúsi Tókýóborgar en tæknin er nú tilbúin fyrir markað í Japan og Indlandi. Ekki aðeins Honda-mótorhjól munu geta nýtt sér þessar stöðvar því að Gachaco-fyrirtækið fær einnig svona stöðvar, en það fyrirtæki er samstarfsverkefni Honda, Kawasaki, Yamaha og Suzuki.



Einfalt er að skipta út notaðri rafhlöðu fyrir fullhlaðna eins og sjá má. MYND/HONDA

Á Indlandi er hugmyndin að rafhlöðurnar verði notaðar fyrir þriggja hjóla Rickshaw-leiguhjól til að byrja með. Notendur munu einfaldlega fá sérstakt viðskiptakort til að skipta út notuðum rafhlöðum sínum fyrir fullhlaðnar. Rafhlöðunum er einfaldlega stungið í sérstök hölf og byrja þær þá strax að hlaða sig án þess að gera þurfi nokkuð annað til þess. Hvort eða hvenær slík tækni komi til með að verða prófuð í öðrum heimsálfum á þó eftir að koma í ljós, en eflaust fer það eftir velgengni stöðvanna. ■



Í október var mest selda tegundin KIA með 120 seldu fólksbíla, þar á eftir kemur Toyota með 109 seldu og í þriðja sæti var Hyundai með 62 bíla skráða. FRÉTTABLADIÐ/ANTON BRINK

nýir fólksbílarnú í október í ökutækjaleigu samanborið við 128 á sama tíma í fyrra. Það sem af er ári hefur verið skráður 6.891 nýr fólksbílarnú ökutækjaleigu samanborið við 4.096 bíla í fyrra. Er það aukning um 68,2% milli ára.

Hlutfall rafmagnsbíla er hæst þegar skoðuð er heildarsala eftir orkugjöfum þar sem af er ári eða 28,4%. Tengiltvinnbílarnú koma þar á eftir með 24,1% af sölnunni, hybrid er 19,0%, dísil er 15,5% og bensín er 13,1%. Ef skoðuð er sala til einstaklinga þá velja 54,5% sér rafmagnsbíla en þar á eftir kemur sala tengiltvinnbíla með 19,2%. ■




BOSCH

BÍLAVARAHLUTIR

- Robert Bosch er einn stærsti framleiðandi heims í íhlutum fyrir bílaframleiðendur.
- Fyrirtækið er með yfir 400.000 starfsmenn að störfum um allan heim.

Bílaframleiðendur velja Bosch, kannski ættu fleiri að gera það sama.



**Þú færð bílavarahluti frá Bosch
í Kemi, Tunguháls 10.**

Pantanir í síma 519 1519 og 415 4000.



Kemi



Njáll
Gunnlaugsson
njall
@frettabladid.is

Reynsluakstur

Toyota Corolla Cross

KOSTIR

- Tvinnkerfi
- Eyðsla
- Fjöðrun

GALLAR

- Fótapláss miðjufarþega
- Lágt undir þústkerfi

Grunnverð: 6.590.000 kr.
Hestöfl: 197
Hröðun 0-100 km: 7,5 sek.
Hámarkshraði: 180 km

L/B/H: 4.460/1.825/1.620 mm
Hjólhaf: 2.640 mm
Veghæð: 160 mm
Farangursrymi: 433 l

Eyðsla: 5,3–5,6 l/100 km
CO2: 119–127 g/100 km



Nýr Toyota Corolla Cross fyllir upp í gat sem var í jepplingalínu Toyota þar sem samkeppnin hefur verið hvað hörðust.

MYNDIR/NJÁLL GUNNLAUGSSON

Kemur sterkur inn í samkeppnina

Toyota hefur ávallt verið sterkt merki í flokki jappa og jepplinga og fær nú enn eina rósina í hnappagatið í formi Toyota Corolla Cross.

Við sjáum sífellt fleiri merki þess að hinn hefðbundni fólksbíll sé að leiðinni út af markaði í stað bíla með jepplingslagi. Hjá Toyota hefur það verið áberandi en þar hafa á stuttum tíma komið jepplingsútgáfur af Aygo og Yaris og sá nýjasti til að fá jepplingsumbreytinguna er Corolla Cross. Bílablað Fréttablaðsins brá sér til Spánar í síðasta mánuði og reynsluók bílnum við margháttaðar aðstæður.

Toyota er reyndar merki sem er ekki fátækt af jepplingum, en Corolla Cross er sjá fimmti í röðinni. Það sem er athyglisvert við Corolla Cross er að hann dettur beint í sama flokk og vinsælir jepplingar eins og Nissan Qashqai og fleiri slíkir og því má segja að tilkoma þessa bíls hafi verið nauðsynleg fyrir Toyota. Toyota Corolla Cross kemur í tveimur útfærslum, framhjóladrifinni tvinnútfærslu sem skilar 197 hestöflum og fjórhjóladrifinn með sömu vél ásamt 41 hestafls rafmótor fyrir afturdrifið. Búist er

» Corolla Cross er búinn fimmtu kynslóð tvinnbúnaðar Toyota og er rafhladan nú 14% öflugri en áður. Það er óhætt að segja að bíllinn keyri talsvert á rafmagninu.

við að megnið af sölunni hérlendis verði í fjórhjóladrifsbílum.

Corolla Cross er búinn fimmtu kynslóð tvinnbúnaðar Toyota og er rafhladan nú 14% öflugri en áður. Það er óhætt að segja að bíllinn keyri talsvert á rafmagninu, sérstaklega á litlum hraða eins og þegar ekið er af stað yfir gatnamót eða inni á bílastæðum. Hægt er að láta hann keyra eingöngu á rafmagnni með því að ýta á takka og nær hann þá kannski 1-2 kíló-



Mælaborðið er nokkuð líkt hefðbundinni Corollu og 10,5 tommu margmiðlunar-skjárinn er staðsettur frekar ofarlega.



Sólþak er staðalbúnaður í fjórhjóladrifsbílum.

» Margmiðlunar-skjáriinn fyrir miðju er staðsettur frekar ofarlega svo auðvelt er að lesa á hann og þráðlaust Apple CarPlay ásamt Android Auto er staðalbúnaður.

metrum áður en hann kveikir á bensínvélinni.

Að innan er billinn nokkuð svipaður hefðbundinni Corollu nema að þú situr hærra og sérð betur út. Sætin eru nokkuð þægileg og auðvelt að stilla þau og áferð og efnisval er í betri kantinum. Margmiðlunar-skjáriinn fyrir miðju er staðsettur frekar ofarlega svo það er auðvelt að lesa á hann og þráðlaust Apple CarPlay ásamt Android Auto er staðalbúnaður. Það er kostur hversu hurðir opnast vel og aðgengi um bilinn er gott enda hæðin þannig að maður sest beint inn í hann. Vert er að benda á að allar hliðarhurðir bílsins eru með viðvörðun gagnvart aðkomandi reiðhjólafólki. Aftursæti eru einnig þægileg, alla vega sætin fyrir aftan framsætin en það verður örugglega þröngt um miðjufarþegann ef hann er kominn fram yfir fermingaráldur. Auk þess er miðjustokkur í gólfi nokkuð fyrirferðarmikill.



Fjöðrunin ræður vel við gróft undirlag en hún sé í mýkri kantinum.



Það fer vel um tvo farþega í aftursætum en sá þriðji fær ekki mikið fótapláss vegna fyrirferðar miðjustokks.

Hann gefur nokkuð góða tilfinningu fyrir stýrinu en leggst aðeins á hornin í beygjunum. Á móti kemur að hann ræður vel við ójöfnur eins og prófað var á nokkrum malarvegum á leiðinni. Rafdrifid fjórhjóladrifid virkar á allt að 70-100 km hraða en ekki fyrir ofan það, svo ef billinn er ekki í einhverjum ralliakstri ætti það að duga vel hérlandis. Við akstur utan vega tókst einu sinni að reka bilinn upp undir og við nánari skoðun var það neðsti hluti pústkerfisins, sem er frekar neðarlega aftast í bílnum.

Þótt Corolla Cross sé búinn CVT-sjálfskiptingu er hún alltaf að verða betri og betri og í Corolla Cross er hún frekar hljóðlát mestallan tímann. Það er ekki nema þegar botna þarf bilinn í framúrakstri eða þess háttar sem hvinurinn frá henni heyrir en það er líka vegna þess að billinn er sjálfur tiltölulega hljóðlátur og laus við vind- eða veghljóð að mestu.

Verðið á Corolla Cross í grunninn er 6.590.000 kr. á sjálfskiptum en bæta þarf 400.000 kr. við til að fá fjórhjóladrifid. Óhætt er að tala um Nissan Qashqai sem einn aðalkeppinaut Corolla Cross hérlandis sem erlendis. Þegar horft er á grunnverð kostar sjálfskiptur Qashqai 5.990.000 kr. en Corolla Cross er aðeins fáanlegur sjálfskiptur. Sjálfskiptur Peugeot 3008 er á 6.240.000 kr. svo segja má að verðið á Corolla Cross sé í hærri kantinum. Það lagast þó honum í hag þegar horft er á búnað í dýrari útfærslum en Launch Edition-útgáfan er búin glerþaki, leðurinnréttingu, JBL-hljómkerfi, 360 gráðu myndavél og bílastæðaaðstoð. ■



Alvöru jeppi

Rexton Ultimate



Bíll á mynd: Rexton Ultimate með 33" hækkunarpakka.

Rexton

Verð frá 8.790.000 kr.**

- Byggður á grind
- Hátt og lágt drif
- Sparneytin dísel vél

- Læstur millikassi
- Sjálfstæð fjöðrun
- 7 manna

- Læst afturdrif*
- 3 t dráttargeta
- 5 ára ábyrgð

* Í Adventure og Ultimate. | ** Verð á Rexton Premium gildir út desember 2022.



BÍLABÚÐ BENNA
KOLEFNISJAFNAR SSANGYONG

benni.is

Bílasala Suðurnesja
Reykjanesbæ
Njarðarbraut 9
Sími: 420 3330

Ib bílar
Selfoss
Fosnes A
Sími: 480 8080

Bb, betri bílar
Akureyri
Njarðarnesi 12
Sími: 534 7200

Bílabúð Benna
Reykjavík
Krókháls 9
Sími: 590 2020

Bilabúð
Benna
Sérfræðingar í bílum



Njáll
Gunnlaugsson
njall
@frettabladid.is

Reynsluakstur

Suzuki S-Cross Strong Hybrid

KOSTIR

- Vel búinn
- Aðgengi
- Útsýni

GALLAR

- Farangursrými
- Sjálfskipting

Grunnverð: 6.540.000 kr.
Hestöfl: 135
Tog: 138 Nm
Hröðun 0-100 km: 13,5 sek.

Hámarkshraði: 175 km
L/B/H: 4.300/1.785/1.585 mm
Hjólhaf: 2.600 mm
Veghæð: 175 mm

Farangursrými: 293 l
Eigin þyngd: 1.235
Eyðsla bl. ak: 5,8 l
CO2: 131 g/100 km



Suzuki S-Cross er nú kominn í fullri tvinnútgáfu sem á að þýða minni eyðslu.

MYNDIR/TRYGGVI ÞORMÓÐSSON

Vel búin viðbót

Það ríkir mikil samkeppni í flokki meðalstórra jepplinga og því skiptir miklu máli að bjóða upp á tvinnútfærslur sem núna er komin í Suzuki S-Cross.

Suzuki kynnti S-Cross með andlitslyftingu í fyrra og á þessu ári kemur hann í fullri tvinnútgáfu. Hann er þá búinn 1,5 lítra bensínvél og og 140V lithíum-rafhliðu. Vélin er 115 hestöfl og skilar 138 Nm togi gegnum sex þrepa sjálfskiptingu, og fær svo aukalega 33 hestöfl frá rafmótor sem er tengdur beint við skiptingu bílsins.

Munurinn á mildari tvinnútgáfunni og þessum bíl liggur í bæði vél og girkassa. Mildari útgáfan er með minni 1,4 lítra vél og verður núna aðeins boðin með beinskíptingu en tvinnbíllinn kemur aftur á móti með 1,5 lítra vél og aðeins með sjálfskiptingu. Sjálfskiptingin er samt ekki eiginleg sjálfskipting því að hún notast við beinskíptingu sem skiptir fyrir ökumanninn og þýðir að skiptingarnar taka mun meiri tíma. Í raun og veru er mildari tvinnútgáfan fjórum sekúndum fljótarei í hundradíð þrátt fyrir minni vél en tvinnbíllinn tekur 13,5 sekúndur að komast þangað. Sem betur fer er hægt að venjast skiptingunni og jafnvel láta hana skipta með því einu að slá aðeins af og skiptir þá billinn um gir þegar maður vill það og með

þægilegri máta en ef gjöfinni er einfaldlega haldið í botni.

Í mildari tvinnútgáfunni er allur búnaðurinn frammi í vélarsalnum en í þessum bíl er hluti hans undir gólfi farangursrýmis. Það minnkar 430 lítra farangursrýmið niður í 293 lítra þar sem allt plássíð undir gólfi þess fer í tvinnbúnaðinn. Fyrir vikið er plássíð meira á pari við smábíl frekar en jeppling en á móti kemur að það er aðgengilegt. Tvinnkerfið í S-Cross Strong Hybrid er ekki að nota rafmagnnið mikið til að taka stað á því eingöngu. Það sér frekar um að bæta við sínum 33 hestöflum í viðbót þegar á þarf að halda og slekkur stundum á vélinni þegar billinn er kominn á ferð en þá aðeins ef hann þarf ekki að reyna mikið á sig.

Að ganga um bílinn og nota er blátt áfram og ekkert sem kemur sérstaklega á óvart. Hurðirnar opnast vel og það er þægilegt að setjast inn og sætin eru mátulega stór til að vera ekki óþægileg. Rými er nokkuð gott nema að höfuðrými gæti verið örlítið meira aftur í og eins fótarymi fyrir miðjufarþega. Efnisval er eins og við er að búast hjá Suzuki, frekar hrátt en um leið hannað til að endast og er vel samansett. Útsýni er með betra móti og þar sem hann er búinn bæði bakkmyndavél og fjarlægðarskynjurum að framan og aftan er maður vel settur. Óhætt er að segja að það er ekkert að búnaði



Þar sem tvinnbúnaðurinn er undir farangursrými er ekkert aukapláss þar.



Bensínvélin er 1,5 lítra og 115 hestöfl ein og sér en tvinnbúnaðurinn er við sjálfskiptinguna hægra megin.

» Mildari útgáfa tvinnbílsins verður nú aðeins í boði beinskípt með 1,4 lítra vél en Strong Hybrid-tvinnbíllinn kemur aftur á móti með 1,5 lítra vél og þá aðeins með sjálfskiptingu.

bílsins í grunninn og er vel í látið með hlutum eins og skynvæddum hraðastilli, akreinavara, umferðarmerkjalesara, árekstrarvara og blindblettavörn. Það er einna helst sjö tommu skjárin sem mætti vera stærri og hraðvirkari og þótt Apple CarPlay og Android Auto sé staðalbúnaður virkar það aðeins með snúrutengingu.

Suzuki S-Cross kostar í grunnútgáfu sinni 6.540.000 kr. sem er svipað og nýr Toyota Corolla Cross sem hann keppir við. Þeir eru báðir í dýrari kantinum fyrir bíla í þessum flokki en S-Cross er nokkuð vel búinn í grunnútgáfunni. Fyrir aðeins 300.000 kr. í viðbót er svo hægt að fá hann með póleruðum felgum, alvöru leiðsögukerfi, leðuráklæði, sólþaki og stærri níu tommu margmiðlunarskjá með 360 gráðu myndavél. ■

BÚÐU ÞIG UNDIR VETURINN

með vörum frá
Bilanaust



Skoðaðu úrvalið inná
bilanaust.is og í verslunum
okkar um allt land



Bilanaust

STÓRVERSLUN
BÍLDHÖFÐA 12
110 REYKJAVÍK
S. 535 9000

STÓRVERSLUN
BÆJARHRAUNI 12
220 HAFNARFIRÐI
S. 555 4800

Hafnargata 52
260 Reykjanesbæ
S. 421 7510

Hrismýri 7
800 Selfossi
S. 482 4200

Furuvöllum 15
600 Akureyri
S. 535 9085

Sólvangi 5
700 Egilsstöðum
S. 471 1244

www.bilanaust.is



Haldið verður áfram að selja systurbílinn Volvo V60 þótt S60 hafi verið tekinn úr sölu.

MYND/VOLVO

Volvo S60 tekinn úr sölu í Bretlandi

njall@frettabladid.is

Fleiri og fleiri fólksbílar hverfa nú úr sýningarsölum bílaumboða og rafdrifnir jeppingar koma þar inn í staðinn. Hjá Volvo hefur verið tekin sú ákvörðun að taka S60-bílinn úr sölu sem hingað til hefur verið fánlegur í 246 hestafla tvíinnútfærslu eða sem 448 hestafla tengiltvinnubíll. Volvo V60 verður þó áfram í sölu en

óvíst er enn þá hvort bíllinn hverfi úr framleiðslu.

Samkvæmt bílatímaritinu Autocar hefur sala á 60-línunni minnkað um 51% frá 2021 í Bretlandi. Önnur ástæða fyrir því að taka bílinn úr sölu gæti verið sú að hann er framleiddur í verksmiðju Volvo í Suður-Karólínu, þeirri sömu og á að framleiða EX 90-rafjeppinginn sem kemur á markað á næsta ári. ■



Bíllinn mun hafa háþróaðan sjálfkeyrslubúnað þegar hann kemur á markað.

MYNDIR/BEYONCA

BeyonCa frá Kína kynnir Optus 1

BeyonCa er nýtt rafbíla-merki og er nafnið stytting á Beyond the Car enda bíllinn vel búinn tæknibúnaði.

njall@frettabladid.is

BeyonCa er nýlega stofnað bíla-fyrirtæki í Kína með áherlu á dýra rafbíla. Fyrirtækið rekur hönnunarmiðstöð í Þýskalandi og kynnti á dögunum fyrsta bíl sinn, GT lúxusbílinn Optus 1.

Bíllinn er smíaður með samkeppni við Porsche Taycan í huga, og þó að bíllinn hafi ekki verið frumsýndur mun hann líkjast mikið tilraunabílum á myndum sem fylgdu fréttatilkynningu. Svipur bílsins er ákveðinn með örvarlaga grilli og loftdreifara að framan. Hjólaskálarnar eru í yfirstærð og afturendinn mjókkar aftur. Bíllinn er 5.200 mm langur

» Svipur bílsins er ákveðinn svo ekki sé meira sagt með örvarlaga grilli og loftdreifara að framan. Hjólaskálarnar eru í yfirstærð og afturendinn mjókkar aftur eins og bátur.



Mikið er um lúxus í Optus 1.

svo hann er næstum jafnstór og Mercedes-Benz EQS. Hjólhafið er 3.000 mm svo að innanrými ætti að vera mjög gott. Framleiðslugerð bílsins mun fá allt að 130 kWst rafhlöðu sem notar 800 volta rafkerfi. Mun hann einnig geta fylgst með líkamsástandi ökumanns.

Bíllinn verður framleiddur í Kína af Dongfeng Motors til að byrja með, en BeyonCa áætlað að frumsýna 3–5 nýja bíla á næstu fimm árum. ■



Kia Stinger fékk andlitslyftinu í fyrra sem dugði ekki til að halda lífi í honum.

MYND/KIA

Kia Stinger að fara undir öxina

njall@frettabladid.is

Kia Stinger er stór og mikill sportbíl frá Suður-Kóreu með vélbúnaði sem skilað getur 368 hestöflum á verði sem er talsvert fyrir neðan sambærilega samkeppni frá Evrópu. Þrátt fyrir þessa staðreynd er bíllinn á leiðinni út og

verður sá síðasti framleiddur í apríl næstkomandi. Það er einfaldlega ekki nógu mikil sala í bíl sem þessum en salan á þessu ári hefur minnkað um næstum því helming frá árinu áður.

Enginn beinn arftaki er í pípunum en búist er við Kia EV6 GT taki við kyndlinum. ■



www.detailsetrid.is

Allt í bílabrifin á einum stað

Allar helstu vörur frá vörumerkinu GYEON

Upplýsingar og ráðgjöf veitir
Andri í síma 787-7888
eða andri@detailsetrid.is

DETAIL SETRID
WWW.DETAILSETRID.IS - 787 7888



Þrátt fyrir dulbúning sést að bíllinn verður nokkuð líkur fimm sæta útgáfunni.

MYND/AUTO EXPRESS

Renault Austral í sjö sæta útgáfu

njall@frettabladid.is

Renault er á leiðinni með stærri útgáfu af Austral-jeppingnum sem verður sjö sæta. Bíllinn er kallaður Grand Austral og Auto Express birti þessa nýjósmynd af bílnum á dögunum. Að öllum líkindum kemur hann á sama CMF-D undirvagni og nýr Nissan X-Trail. Hann mun þó nota hefðbundna tvíinnútfærslu ólíkt Nissan X-Trail sem kemur með rafmótor sem er tengdur rafhlöðu sem hlaðin er af bensínvél.

Fimm sæta Renault Austral er boðinn með 1,2 lítra, þriggja strokka vél sem með tvíinnubúnaði

» Að öllum líkindum kemur hann á sama CMF-D undirvagni og nýr sjö sæta X-Trail en þá með tvíinnútfærslu.

skilar 196 hestöflum. Bíllinn er nokkuð líkur fimm sæta Austral nema að aftan þar sem afturrúðan er nánast lóðrétt til að skapa höfuðrými fyrir þriðju sætaröðina. Búast má við bílnum á markað strax á næsta ári. ■

Við skiljum reksturinn þinn

þess vegna komum við til þín



Fáðu faglega ráðgjöf

Hafðu samband í dag og sjáðu hvað við getum gert fyrir fyrirtækið þitt

Starfsfólk okkar veitir með ánægju þínu fyrirtæki ráðgjöf og þjónustu varðandi:

Rétta notkun á eldsneyti og smurefnum.

Gerð smurkorta fyrir bifreiðar, tæki og vélasamstæður.

Útvegar búnað og tæki sem nauðsynleg eru við afgreiðslu og notkun á eldsneyti og smurefnum.

Sími 444 3000 / sala@skeljungur.is

Skeljungur hr. | Sími 444-3000 | Skútuvogur 1 | 104 Reykjavík | skeljungur@skeljungur.is



Skeljungur
Traustur félagi!

Zundapp-merkið snýr aftur frá heimalandinu Þýskalandi

njall@frettabladid.is

Zundapp-merkið hefur nú aftur hafið framleiðslu á mótörhjólum og að þessu sinni í upphaflega heimalandi merkisins, Þýskalandi. Merkið kynnti á dögnum nýtt hjól sem kallast Zundapp ZXA 500 á Intermot-mótörhjólasýningunni í Köln.

Zundapp ZXA 500 er fyrsta hjól merkisins í næstum 40 ár eða síðan

1984. Hjólið er nokkurs konar ævintýraferðahjól og minnir dálítið á Ducati Multistrada í útliti. Hjólið er fyrir A2-flokk réttinda enda með 476 rsm vél sem skilar 47 hestöflum. Það er búið 18 lítra tanki og er undir 200 kílóum að þyngd svo það mun keppa við hjól eins og Honda CB 500X. Zundapp framleiddi mótörhjól frá 1917 og voru þau vinsæl stríðstól meðal nasista í seinni heimsstyrjöldinni.

Eftir stríð var framleiðslan mest í tvígangshjólum og skellinöðrum. Zundapp var selt kínverskum eigendum á miðjum níunda áratugnum en var keypt af Dieter Neumeyer árið 2017 en hann er barnabarn upphaflega stofnandans, Fritz Ludwig Neumeyer. Síðan þá hefur merkið framleitt rafdrifin reiðhjól en nú er komið að mótörhjólunum enn á ný, með aðstoð frá Kína til að byrja með. ■



Þótt hjólið sé þýskt er grunnurinn eins og vél, girkassi og grind upprunin frá kínverska framleiðandanum MITT sem framleiðir 530 TT ferðahjól.

MYND/
MOTO-STATION



Yfirbyggingin er með nýjum litum og felgurnar eru svartar eins og á keppnishjólunum.

Ducati kynnrir 240 hestafla V4 R

njall@frettabladid.is

Ducati hefur frumsýnt nýja útgáfu Panigale V4 R ofurhjólsins sem er með meira afli en áður. Með hjólinu verður bilið milli götuhjóra og keppnishjóra enn minna því um 240 hestafla ofurhjól er að ræða. Vélín notast við DLC-stimpla eins og almennt er í Formúlu 1.

Til viðbótar við hefðbundnar akstursstillingar í aksturstölu hjólsins er nú komnar tvær í viðbót, „Full“ fyrir fulla orku og „Low“ sem færir aflið niður í 160 hestöfl til að hjólið sé þægilegra í almennum götuakstri. Hvert Panigale V4 R verður númerað og fær skjöld á stýrishausinn með framleiðslunúmeri hjólsins. ■



Arch var stofnað fyrir 10 árum og er 1s annað mótörhjól merkisins.

Arch kynnrir 1s-mótörhjólið

njall@frettabladid.is

Arch-mótörhjólamerkið er í eigu leikarans Keanu Reeves og Gard Hollinger en það kynnti á dögnum Arch 1s-sportshjól. Þetta er annað hjól merkisins en fyrir nokkrum árum kynnti Arch KRGT-1 sem var aðeins á færi mjög fárra. Þótt að Arch 1s sé ekki af ódýrari gerðinni er það fyrsta alvöru tilraun merkisins til að koma með mótörhjól á markað. Það er margt sérstakt við hjólið, eins og sérhannaður, einfaldur afturgaffall sem var sérsmíaður af Arch. Vélín er engin smásmíð enda 2.032 rsm S&S Cycle með sex gira kassa. Hestaflatalan er ekki gefin upp en togid er 156 newtonmetrar. Íhlutir eru af bestu gferð og má þar nefna Dual I-bremsur með sex stimpla dælum, Öhlins-fjórðun, og koltrefja BST-felgur. Hjólið mun kosta litlar 18,5 milljónir í Bandaríkjunum. ■



www.krokur.net

522 4600

Taktu Krók á leiðarenda

Krókur er fyrirtæki sem að hefur sérhæft sig í flutningum og björgun ökutækja. Félagið rekur einnig þjónustumiðstöð fyrir tjónaökutæki þar sem veitt er ahlíða þjónusta í meðhöndlun tjónabifreiða og annarra bifreiða samkvæmt óskum viðskiptavina.

Krókur býður m.a. uppá:

- Starfsmenn sem eru þjálfaðir og reyndir í bíla- og tækjaflutningum



KRÓKUR
á þinni leið

Vesturhraun 5 210 Garðabær

Málþing Náttúrlækningafélags Íslands – 8. nóvember 2022

Köld böð og sjósund

– heilsuefling eða öfgar?

Fræðslunefnd NLFÍ efnir til málþings á Icelandair Hotel Reykjavík Natura,
Þingsalur 2, þriðjudaginn 8. nóvember 2022 kl. 19:30.

Hvaða jákvæðu áhrif hafa köld böð á heilsufar?

Eru köld böð áhættusöm og hvað ber að varast?

Geta köld böð styrkt æðakerfið, minnkað bólgur og dregið úr streitu?

Eru köld böð og sjósund fyrir alla ?



Dr. Björn Rúnar
Lúðvíksson



Vilhjálmur Andri
Einarsson



Erna Héðinsdóttir



Margrét Grímsdóttir

Frummælendur:

Sjórinn er skelfilega góður

Dr. Björn Rúnar Lúðvíksson prófessor og yfirlæknir ónæmisfræðideildar LSH

Hættu að væla komdu að kæla

Andri Iceland, Vilhjálmur Andri Einarsson heilsu- og lífsleikniþjálfari

Sjórinn læknar allt

Erna Héðinsdóttir kennari, lýðheilsufræðingur og markþjálfari

Fundarstjóri:

Margrét Grímsdóttir framkvæmdarstjóri hjúkrunar
á Heilsustofnun í Hveragerði

Öll velkomin. Aðgangseyrir 3.000 kr.
Frítt fyrir félagsmenn



Berum ábyrgð á eigin heilsu
www.nlfi.is



Léttir og góðir heimilisréttir

Það er ekki endilega nauðsynlegt að borða heitar og matarmiklar súpur eða pottrétti þótt kominn sé vetur. Léttur matur getur verið ágætis tilbreyting hvort sem það er fiskur eða kjúklingur. Hér koma hugmyndir að hversdagsréttum.

elin@frettabladid.is

Áður fyrr var fiskigratin vinsæll matur og var á borðum þegar fólk vildi gera vel við sig hversdags. Hvernig væri að endurnýja kynnin við þennan rétt? Í hann má nota afgang af fiski eða bara þann fisk sem fólk kys helst. Fiskigratin er oft í uppáhaldi hjá börnum.

Heimagert fiskigratin fyrir fjóra

2 msk. smjör
3 msk. hveiti
4 dl mjólk
½ tsk. múskat
Um það bil 400 g soðinn fiskur
100 g makkarónur
½ blaðlaukur, smátt skorinn
3 egg
2 msk. brauðrasp
Salt og pipar

Byrjið á að gera hvítan jafning. Bræðið smjör í góðum potti, hrærið hveiti saman við þannig að blandan verði jöfn og fín. Bætið þá mjólkinni rólega út í og bakið upp sósuna. Látið malla í nokkrar mínútur en gætið að brenna ekki. Smakkið til með múskati, salti og pipar. Takið af hitanum.

Sjóðið fiskinn, bein og roð-hreinsið hann og skerðið í litla bita. Sjóðið makkarónur eftir leiðbeiningum á umbúðum. Skiljið egginn og hrærið einni eggjarauðu í einu saman við jafninginn. Því næst er fiskbitanum bætt saman við, makkarónum og blaðlauk.

Stífþeytið eggjahviturnar og blandið þeim varlega saman við.

Hitið ofninn í 200°C. Smyrjið eldfast mót með smjöri og hellið blöndunni í formið. Dreifið brauðraspi yfir og setjið formið neðarlega í ofninn. Bakið í 40 mínútur eða þar til rétturinn hefur fengið á sig fallegan lit.

Berið fiskgratinið fram með bræddu smjöri og soðnum kartöflum. Gott er að hafa salat til hliðar eða brauð.

Venjulega er notaður hvítur fiskur í réttinn en mörgum finnst gott að blanda hann smávegis með reykttri ýsu. Það fer þó bara eftir smekk.



Heimagert fiskigratin er alltaf gott og uppáhald margra.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

» Fiskigratin og pasta er matur sem krakkar eru hrifnir af og þetta eru flottir hversdagsréttir.



Kjúklingur með spínatpasta er hollur og góður réttur.

ERT ÞÚ KLÁR Í VEIÐINA?

Við hjálpum þér að velja rétta búnaðinn!

Stingum af...



GG SPORT

Í vefverslun okkar á ggsport.is má finna meira úrval af öllu sem þarf í ævintýrið þitt!

f @ggsport.is @gg_sport

Smiðjuvegur 8, græn gata • 200 Kópavogi • Sími: 571-1020 • ggsport.is
Opnunartími: Virkir dagar 10:30-18, laugardagur 11-15

Kjúklingur með spínatpasta

Hér er annar réttur sem er bæði hollur og góður. Einfalt er að gera þennan rétt og krökkum finnst hann ágætur.

Um það bil 500 g kjúklingabringur
1 msk. olía

Sósa

½ dós sýrður rjómi, 18%
100 g frosið spínat
2 hvítlauksrif
1,5 dl kjúklingasoð
75 g rifinn ostur
Sjávarsalt og pipar
200 g tagliatelle pasta

Setjið spínat í kalt vatn, skolið og þerrið. Setjið í pott ásamt öðrum innihaldsefnum í sósuna. Blandið vel saman. Látið malla þar til sósan þykkar og bragðbætið með salti og pipar.

Steikið kjúklinginn á pönnu þar til hann verður gegnsteikur. Bragðbætið með salti og pipar. Nota má önnur krydd eins og basil eða óreganó. Einnig er gott að dreifa smávegis balsamísirópi yfir kjúklinginn á pönnunni.

Sjóðið pasta eftir leiðbeiningum. Setjið pasta út í sósuna og blandið saman.

Setjið kjúklinginn á disk með pastanu og skreytið gjarnan með ólífum, kirsuberjatómötum, grænu salati og sítrónubitum.

Epli og perur með mulningi

Hvernig væri að koma heimilisfólkinu á óvart með frábærum eftirrétti? Uppskriftin ætti að komast í sex litlar skálar eða álform. Það eru ekki margar hita-einingar í þessum rétti.

2 epli, skorin í þunnar sneiðar
2 perur, skornar í þunnar sneiðar
Rifinn sítrónusafa saman við einni sítrónu
2 kvistir ferskt rósmarín, smátt skorið
2 tsk. púðursykur

Mulningur

75 g valhnetur
150 g brauðrasp
75 g smjör
75 g púðursykur
Möndlur, sneiddar

Hitið ofninn í 190°C. Blandið saman eplum, perum, sítrónuberki, rósmarín og púðursykri. Bætið sítrónusafa saman við. Skiptið blöndunni í eldföst form.

Hakkið valhnetur í matvinnsluvél, bætið við raspi, smjöri og sykri. Hrærið allt saman og stráðið yfir peru- og eplabítana. Formið er sett í ofninn og bakað í 25 mínútur. Skreytið með möndluflokkum. Einnig er gott að setja granateplakjarna yfir. Berið fram með þeyttum rjóma eða vanillúis. ■

Æðislegur eftirréttur sem einfalt er að gera.

Lucy Glimmer toppur
8.990 kr

MIKIÐ ÚRVAL AF SPARIFÖTUM NÝJAR VÖRUR Í HVERRI VIKU

Fallegar og vandaðar danskar vörur í stærðum 42-58

Sjáðu úrvalið í netverslun Curvy.is

Eða komdu í verslun Curvy við Grensásveg

Opið alla virka daga frá kl. 11-18 og laugardaga frá kl. 11-16

FRÍ HEIMSENDING
EF ÞÚ VERSLAR YFIR
10.000 KR

Lina sparkle velúr kjóll
12.990 kr



Leslie kjóll
8.990 kr



Kaffe Blazer jakki
16.990 kr



Sama lurex toppur
8.990 kr



Fransa
Svartar Buxur
11.990 kr



Kaffe Buxur
11.990 kr

Curvy

Fellsmúla 26 v/Grensásveg | 108 Reykjavík | sími 581-1552 | www.curvy.is

Smáauglýsingar

550 5055

Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

Bílar & Farartæki



2022 óekinn Ford Transit Custom langur 6 manna. Þetta er vinnuflokkabíll með vörurými fyrir aftan 2. sætaröð. Nú er hægt að taka mannskapinn með á einum bíl. Til afhendingar strax. Verð: 6.250.000 án vsk.

Sparibill ehf
Hátún 6A, 105 Reykjavík
Sími: 577 3344
www.sparibill.is

Bílar óskast

VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN?

Kaupum bíla 25-250þús
Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og við höfum samband

Þjónusta

Málarar

MÁLARAR.

Faglærðir Málarar. Tökum að okkur alla almenna málningavinnu. Sanngjarnt verð. S. 782 4540 / loggildurmalari@gmail.com

REGNBOGALITIR EHF

Getum bætt við okkur verkefnum. Löggiltur málarameistari. Löggiltir málarar. Vönduð vinna, vanir menn. www.regnbogalitur.is malarar@simnet.is. Sími 8919890

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafi., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaelis. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Húsviðhald



Rúnar Múrari ehf
S. 774 3800

Innimálning
Parketlagnir
Gluggaskipti
Múrviðgerðir
Epoxy
Pakskipti

runarmur@gmail.com

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR.
S. 663 0746.

Töfluskripti, myndsímar. Hagstæð verð. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Keypt & Selt

Til sölu



Léttar og meðfærilegar brunadætur frá Tohatsu

VE1500
107kg
2050 L/min (6 Bar)
Bensín 2cyl / 2 gengis
Sogar 9 metra hæð
Hægt að raðtengja..
..1 Km hver dæla



Miðhrauni 13 - 210 Garðabæ
S: 555 6444 - www.maras.is

BLÖÐIN

Blaðið í dag og safn eldri blaða á frettabladid.is

Gítarinn ehf.

Stórhöfði 27
Sími 552 2125
www.gitarinn.is



Kassagítarar á tilboði

Gítarar og hljómborð í miklu úrvali

Verð við allra hæfi

Heilsuvörur



Húsnæði

Geymsluhúsnæði

GEYMSLUR.IS
SÍMI 555-3464

Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúð, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

WWW.GEYMSLAEITT.IS

Sérgeymslur á mjög göðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

FYRIR
AÐSTOÐ
INNANLANDS

GEFÐU
VATN

gjofsemgefur.is
907 2003

Hjálparstarf
kirkjunnar



Umhverfismat framkvæmda

Umhverfismatsskýrsla í kynningu

Strandavegur um Veiðileysuháls í Arneshreppi

Vegagerðin hefur lagt fram umhverfismatsskýrslu vegna umhverfismats Strandavegar um Veiðileysuháls í Arneshreppi.

Kynning á umhverfismatsskýrslu: Tillaga að ofangreindri framkvæmd og umhverfismatsskýrsla liggur frammi til kynningar frá 2. nóvember til 14. desember 2022 hjá Verzlunarfélagi Arneshrepps, Norðurfirði og hjá Skipulagsstofnun. Umhverfismatsskýrslan er einnig aðgengileg á vef Skipulagsstofnunar: www.skiplag.is

Umsagnarfrestur: Allir geta kynnt sér umhverfismatsskýrsluna og lagt fram umsögn. Umsagnir skulu vera skriflegar og berast eigi síðar en 14. desember 2022 til Skipulagsstofnunar, Borgartúni 7b, 105 Reykjavík eða með tölvupósti á skiplag@skiplag.is

intellecta.is

RÁÐNINGAR



intellecta



VERSLUNARTÆKNI
www.verslun.is



geiri
www.geirihf.is

VESTFROST
SOLUTIONS

Vínkælar



WFG 185 - St. (hxbxd)
1850x595 x596 mm (+2 - +10°C)



WFG 155 - St. (hxbxd)
1550 x 595 x610 (+5 - +22°C)



WFG 45 - Stærð (hxbxd) 820 x595 x573
(+5 - +10 / +10 - +18°C)



VERSLUNARTÆKNI
www.verslun.is



geiri
www.geirihf.is

STÓRELDHÚS
FOODSERVICE DESIGN AND SHOPFITTINGS

Straumur
...hillukerfi

Sýningareldhús - Draghálsi 4 - 110 Reykjavík - Sími: 535 1300 - verslun@verslun.is Netverslun á www.verslun.is

Þakkir til Einars S.



Friðjón Friðjónsson
borgarfulltrúi
Sjálfstæðis-
flokksins

Ég vil þakka Einari Sveini Hálfðánarsyni fyrir tækifærið til að skýra betur orð mín sem féllu í Silfrinu sl. sunnudag. Eitthvað tókst Einari að misskilja það sem ég sagði og hrós mitt til Guðlaugs Þórs Þórðarsonar. Mér fannst einmitt ástæða til að hrósa Guðlaugi fyrir þrautseigjuna því alltaf heldur hann áfram að markmiði sínu.

Ég jata það að það var kannski ekki nógu skýrt hjá mér í ati sjónvarpsins að þegar ég sagði Guðlaug og Gísla Marteín Baldursson hafa verið nefnda þegar landsfundur samþykkti ályktun fulltrúaráðs Sjálfstæðisfélaganna í Rangárvallasýslu um að kjörnir fulltrúar flokksins, sem þegið hefðu óhóflega háa styrki, ættu að sýna ábyrgð sína með því að segja af sér. Þeir voru ekki nefndir í ályktuninni heldur í ræðu tillöguflytjanda sem uppskar mikið lófatak og hluti salarins stóð á fætur.

Ég sat þann fund, greiddi atkvæði gegn ályktuninni og klappaði hvorki né stóð á fætur, því mér fannst ályktunin ekki til bóta. Það er rétt að útkljá svona mál lýðræðislega í prófkjörum en ekki



með þessum hætti. Þannig fékk Árni Johnsen t.d. sína uppreið æru í tvennum prófkjörum bæði fyrir alþingiskosningarnar 2007 og 2009 þrátt fyrir að útstrikanir færðu hann niður um sæti árið 2009. Það sama átti sér stað með Guðlaug í kosningunum 2009 þegar fjórðungur kjósenda Sjálfstæðisflokksins í kjördæmi Guðlaugs strikaði hann út, þá vegna styrkjamálsins svonefnda. Eftir það mál sýndi Sjálfstæðisflokkurinn og formaður hans í sér manndóm og hóf endurgreiðslur styrkjanna. Ekki var fyrir því að fara hjá Samfylkingunni sem stakk því illa fengna fé í vasa flokksins og nýtti í kosningabaráttu til að koma Jóhönnu Sigurðardóttur í stól forsætisráðherra. Samviska okkar Sjálfstæðismanna er þó hrein í því máli.

En svo Einar S. Hálfðánarson og

aðrir í nánasta stuðningsliði Guðlaugs velkist ekki í vafa, þá er mér það ljúft og skylt að taka fram að landsfundur ályktaði ekki beint um Guðlaug Þór. Hann var ekki nefndur á nafn í ályktuninni heldur í ræðu framsögumanns tillögunnar. Til þess visaði ég á sunnudag. Eins var þó nokkur fjölmiðlaumfjöllun um málið sumarið 2010 þar sem fjölmiðlar leituðu álits þeirra sem spjótin beindust að, þeirra Guðlaugs og Gísla Marteins. Þá eins og nú fannst mér óréttlátt að taka þá sérstaklega fyrir þegar þeir höguðu sínum málum innan þeirra reglna sem þá voru í gildi.

En vissulega er það hæfileiki að stíga alltaf upp úr þeim málum sem myndu leggja flesta aðra stjórnálamenn í duftið. Þrautseigja er þannig mikilvægur hæfileiki í stjórnálamum. ■

Valið er einfalt



Ottarr Makuch
fulltrúi á lands-
fundi Sjálfstæðis-
flokksins

Sjálfstæðisflokkurinn vann sannarlega varnarsigur í alþingiskosningunum 2009. Hrunið var það eina sem komst að í umræðunni og sótt var að flokknum úr öllum átum, flokkurinn þjappaði því í vörn og náði blessunarlega að standa höggið betur af sér en margir þorðu að vona.

Síðan eru liðin 13 ár en enn þá er flokkurinn þó fastur í stöðugri varnarbáttu. Við Sjálfstæðismenn þekkjum þetta vel, stefið er ávallt hið sama. Flokkurinn okkar fer í kosningabaráttu, við töpum nokkrum prósentum og sætum, en að kosningum loknum fáum við svo bréf frá Valhöll sem segir okkur að þetta sé samt allt í lagi, við nefnilega „unnum varnarsigur“.

Við töpuðum þingkosningum fyrir Framsókn, en allt í góðu, þetta var varnarsigur.

Við töpum borgarstjórnarkosningum aftur og aftur, en allt í góðu, þetta voru líka allt varnarsigrar.

Við töpuðum þingkosningum fyrir VG tvisvar í röð en það var ekki alslæmt – þetta voru jú einnig varnarsigrar.

Við misstum meirihlutann í Vestmannaeyjum – góður varnarsigur.



Fyrir mér er valið einfalt, ég styð Guðlaug Þór Þórðarson.

Svo í vor töpuðum við fylgi í næstum öllum þéttbýliskjörnum landsins – misstum meirihluta á Hellu og Ísafirði – töpuðum enn einu sinni slagnum í Reykjavík, Akureyri, Reykjanesbæ og Vestmannaeyjum og meirihlutarnir okkar í Kópavogi, Garðabæ og Hafnarfirði hanga á bláþræði. En ekkert stress, samkvæmt Valhöll var þetta stórfenglegur varnarsigur – sjáið til, við erum nefnilega enn þá stærsti flokkurinn – raunar stærsti dvergurinn – en samt stærst.

Valið sem við Sjálfstæðismenn stöndum frammi fyrir er einfalt. Viljum við sætta okkur við það að flokkurinn okkar sé, og verði til frambúðar, 20-25% flokkur – stærstur á meðal smáflokka – sem „vinnur“ eingöngu „varnarsigra“ og kemst bara í margra flokka meirihluta – oft jafnvel meirihluta þar sem hann er ekki í forystu? Eða viljum við sýna smá metnað, kjósa okkur nýjan formann, freista þess að snúa vörn í sókn og sækja fram í von um að flokkurinn okkar verði aftur leiðandi afl í íslenskum stjórnmálum?

Fyrir mér er valið einfalt, ég styð Guðlaug Þór Þórðarson sem nýjan formann Sjálfstæðisflokksins. ■

NÝ OG FLOTTARI

LAGERSALA
NTC

Í HOLTAGÖRÐUM

60-
80%
AFSLÁTTUR

OPIÐ
MÁN-FÖS
KL. 12-18
LAUG-SUN
KL. 12-17

YFIR 100 VINSÆL VÖRUMERKI

MOSS
REYKJAVÍK

MARC JACOBS

Matinique

carhartt

SOAKED
IN LUXURY

TATUAGGI

InWear

billi bi
COPENHAGEN

TIGER
OF SWEDEN

ROTATE
BANGORCHUTTENEN

SAMSØE

SAMSØE

Acne Studios

THE FINEST QUALITY
The Herschel
SUPPLY CO. BRAND
TRADE MARK

NA-KD

2NDDAY

STEVE MADDEN

J.LINDBERGB

ENVII

PART TWO

EINFALT OG ÞÆGILEGT

2.000.- KR • 3.000.- KR • 4.000.- KR • 5.000.- KR 7.000.- KR • 9.000.- KR • 12.000.- KR • 15.000.- KR • 20.000.- KR

VÖRUR FRÁ EFTIRTÖLDUM VERSLUNUM

GK
REYKJAVÍK

gs skór

Kultur
menn

KARAKTER
KONUR

SMASH
URBAN

galleri sautján

eva

COMPANYS

Kultur

Merkisatburðir

- 1906** Fyrsta kvikmyndahús á Íslandi hefur göngu sína í Fjalakettinum við Aðalstræti í Reykjavík og nefnist Reykjavíkur Biograftheater en varð seinna Gamla bíó. Þegar Fjalakötturinn var rifinn 1985 var bíósalurinn talinn einn sá elsti uppistandandi í heiminum.
- 1912** Skátafélag Reykjavíkur stofnað í Fjósínu, bakhúsi Menntaskólans í Reykjavík.
- 1913** Morgunblaðið hefur göngu sína. Stofnandi og fyrsti ritstjóri þess var Vilhjálmur Finsen.
- 1914** Lög um notkun bifreiða ganga í gildi. Réttur til að stjórna bifreið var bundinn við 21 árs aldur. Hámarksökuhraði var 15 km/klst. í þéttbýli en 35 km/klst. utan þess.
- 1930** Slysavarnaeildin Þorbjörn stofnuð í Grindavík og voru stofnfélagar 56 karlar og konur í þorpinu. Slysavarnaeildin notaði fyrst björgunarsveita á Íslandi fluglinutæki við björgun úr strönduðu skipi þegar franskur togarinn Cap Fagnet strandaði 24. mars 1931. Síðan þá hafa félagar slysavarnaeildarinnar og björgunarsveitarinnar Þorbjörns bjargað 232 sjómönnum úr strönduðum og sökkuvandi skipum, þar af 205 manns með fluglínutækjum.
- 1941** Mesta flugslys á Íslandi fram til þess tíma verður er bandarísk flugvél ferst á Langahrygg á Reykjanesi og með henni 11 menn.
- 1946** Íslendingar taka við yfirstjórn flugumferðar yfir Norður-Atlantshafi, allt frá Hjaltrandseyjum til Grænlands og norður á norðurlandi.



Ásdís segir viðfangsefnið hafa krafist þess að hún gerði þessa mynd.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Þetta gerðist 2. nóvember 1913

Burt Lancaster fæddur

Burton Stephen Lancaster fæddist þann 2. nóvember 1913 í Manhattan-hverfi New York. Hann hafði á unga aldri mikinn áhuga á fimleikum og hóf störf við sirkuslistir níu ára gamall en neyddist síðar til að gefa loftfímleika upp á bátinn vegna meiðsla.



Eftir að hann sneri heim til New York eftir síðari heimsstyrjöldina var Burt hvattur til að sækja um hlutverk í Broadway-leikriti. Hann fékk hlutverkið og hlaut í kjölfarið athygli Hollywood.

Á árunum sem á eftir fylgdu lék Burt í fjölda kvikmynda á borð við Brute Force, Come Back, Little Sheba og The Rose Tattoo. Hann átti langan og farsælan feril sem leikari og var líka frjálslýndur í stjórnmálaskoðunum sínum þar sem hann talaði fyrir ýmsum minnihlutahópum og gegn stríðsrekstri Bandaríkjanna.

Burt lést 1994 úr hjartaáfalli í íbúð sinni í Los Angeles, áttæður að aldri. ■

Ný heimildarmynd um tröll verður frumsýnd í Bíó Paradís í kvöld þar sem fjölbreytt birtingarmynd þessa þjóðlegu kynjaveru er skoðuð.

arnartomas@frettabladid.is

Ásdís Thoroddsen hefur á undanförunum áratug gert kvikmyndir sem byggja á einhverjum hætti á menningararfi Íslands þar sem hún hefur meðal annars skoðað bátasmíði, matargerð og íslenska skóga. Í kvöld verður nýjasta heimildarmynd hennar, Tímar tröllanna, frumsýnd í Bíó Paradís þar sem fjölbreytt birtingarmynd tröllanna er tekin fyrir.

„Mig langaði að fara á andlegri svið og skoða hjátrúna og þjóðfræðina,“ útskýrir Ásdís og bendir á hversu mikið 19. aldar sjónarhornið litar sýn okkar á tröll í dag. „Það sem við þekkjum af þjóðsögum er í raun sett upp af 19. aldar mönnum en það hefur verið miklu gróskumeiri trú af þessu sem við höfum kallað hjátrú.“

Frá holdi jötuns til internetsins

Í fyrstu hafði Ásdís hugsað sér að gera mynd um vætti á Íslandi en komst fljótlega að því að viðfangsefnið væri allt of vítt. Hún ákvað þess vegna að gera mynd um tröll sem hún segir frá upphafi vega hafa haft ýmsar merkingar.

„Hver tími hefur haft sinn skilning á því hvað tröll eru, hvort heldur sem við erum að tala um heiðna trú þar sem veröldin verður til úr holdi jötuns eða hvernig við skiljum tröll í bókmenntum miðalda,“ segir hún. „Þá er líka hægt að skoða hvernig lagabókstafurinn skil-



”

Hver tími hefur haft sinn skilning á því hvað tröll eru.

„Myndin er kaflaskipt eftir tímabilum – forneskja, miðaldir, tröll jóllanna, tröll þjóðtrúarinnar og tröll nútímans,“ segir hún. „Ég tala við fólk af öllu tagi, fræðimenn, bændur og sjómenn, sem hafa skoðun á þessu og geta sagt sögur.“

Ásdís vill ekki gefa upp sitt upphaldströll þar sem hún vill ekki gera upp á milli tröllanna. Hún segir þó birtingarmynd tröllanna á Íslandi einstaka.

„Það sem mér fannst mjög merki-legt að fréttu við gerð þessarar kvikmyndar er að í íslenskum þjóðsögum eru oft ævintýri þar sem koma fyrir tröllskessur. Mjög gjarnan eru sögurnar hliðstæðar evrópskum ævintýrum en hjá okkur höfum við tröllskessur í stað stjúpa,“ útskýrir Ásdís. „Oft kemur fyrir í þessum ævintýrum að tröllskessurnar eru góðar, og jafnvel svo góðar að þær förna sér fyrir hetjurnar.“

Skessur á Íslandi eru þannig dýpri persónur en annars staðar í heiminum. „Við erum með meiri dýpt, margbreytileika og jafnvel kærleika. Mér fannst ansi sérstakt að við værum sér á parti hvað stjúpur og tröllskessur varðar.“ ■

greindi þetta því að í eina tíð var bannað að vera tröll á Íslandi. Hvaða þýðingu hafði það á þeim tíma að það mætti ekki vera tröll? Ég ætla ekki að segja þér það, þú verður bara að sjá myndina!“

Þá eru ótalin jólatröllin, tröllin úr alþýðþjóðtrú Jóns Árnasonar og svo auðvitað tröll nútímans.

„Þar tókum við sérstaklega fyrir nettröllin þótt nútímatröllin séu auðvitað fleiri.“

Skessur og stjúpur

Í myndinni ferðast Ásdís um landið og spjallar við fólk af ýmsum toga um þessar kynjaverur.



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Birna G. Bjarnleifsdóttir

leiðsögumaður,

lést á Hrafnistu, Skógarbæ, mánudaginn 31. október sl.

Erla S. Árnadóttir
Anna S. Árnadóttir

Jón Finnbjörnsson
Þorkell Jóhannsson

barnabörn og barnabarnabörn



Ástkær vinur,

Pétur Fell Guðlaugsson

Ástjörn 7,
Selfossi,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurlands
sunnudaginn 30. október.
Kveðjustund fer fram í kyrrþey.

Kristmunda Sigurðardóttir



Ástkær eigenmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

Jóhannes Tómasson

blaðamaður og fyrrverandi
upplýsingafulltrúi,

lést föstudaginn 28. október
á Landspítalanum.

Málfríður Finnbogadóttir

Helgi Jóhannesson
Anna Jóhannesdóttir
Þórdís Jóhannesdóttir
Jóhannes, Ísar Ágúst, Sara Björk, Einar Björn, Salvör Móeiður, Elsa María, Valþór Hrafnkell og Eva Málfríður
Brynjúlfrur Jónatansson
Brynjar Valþórsson



Okkar ástkæra

Arnleif Kristbjörg Ívarsdóttir

Háaleitisbraut 41, Reykjavík,

lést á hjúkrunarheimilinu Grund þann 16. október síðastliðinn. Útförin hefur farið fram. Fjölskyldan þakkar fyrir hlýhug og auðsýnda samúð. Sérstakar þakkar til starfsfólks Vegamóta á Grund fyrir góða umönnun og ljúft viðmót.

Sigurður Daniellsson

Árný Sigurðardóttir
Óskar Sigurðsson
Friðrik Sigurbergsson
Kristjana Mjöll Sigurðardóttir
Rannveig Sigurðardóttir
barnabörn og barnabarnabörn

Til að birta andláts-, útfarar- eða þakkartilkynningar í Fréttablaðinu þarf að senda tölvupóst á timamot@frettabladid.is eða hringja í síma 550 5055.



S30

STÓRSVEIT
REYKJAVÍKUR
30 ÁRA

ÍSLENDINGUR Í ULUWATU HOFI

Stórsveitin frumflytjur glænýja og spennandi tónlist **Stefáns S. Stefánssonar** undir stjórn höfundar. Síðasta verkefni Stefáns og Stórsveitarinnar, *Íslendingur í Alhambrahöll* frá 2015, hlaut Íslensku tónlistarverðlaunin bæði fyrir jazzplötu ársins og jazztónleika ársins.

- ▶ **13. NÓVEMBER**
- ▶ KL. 17.00
- ▶ **SILFURBERG**

Miðasala á [HARPA.IS](https://www.harpa.is) og [TIX.IS](https://www.tix.is)

Dagskrá

Hringbraut

- 18.30 Fréttavaktin** Fréttir dagsins í opinni dagskrá.
- 19.00 Hafnir Íslands (e)** Heimildarþættir um hafnir Íslands og samfélög hafnarbyggða, þættirnir eru frá 2017 og voru í umsjón Lindu Blöndal og Friðþjófs Helgasonar.
- 19.30 Útkall** Sjónvarpsútgáfan af sívinsælum og samnefndum bókaflökki Óttars Sveinssonar.
- 20.00 Bióbærinn** Fjallað um væntanlegar kvikmyndir og þáttaraðir ásamt almennu bióspjalli.
- 20.30 Fréttavaktin (e)**
- 21.00 Hafnir Íslands (e)**

RÚV Sjónvarp

- 13.00 Heimaleikfimi**
- 13.10 Kastljós**
- 13.35 Útvar 2015-2016** Rangárþing ytra og Strandabyggð.
- 14.50 Söngvaskáld** Jón Hallur Stefánsson.
- 15.40 Kveikur**
- 16.30 Heilabrot**
- 17.00 Okkar á milli** Sólveig Ólafsdóttir.
- 17.30 Börnin okkar** Lestur.
- 18.00 KrakkaRÚV**
- 18.01 Hundurinn Ibby**
- 18.05 Hæ Sámur**
- 18.12 Lundaklettur**
- 18.19 Víkingaprinsessan Guðrún**
- 18.24 Lestrarhvattni**
- 18.31 Skotti og Fló**
- 18.39 Minnsti maður í heimi**
- 18.40 Krakkafréttir**
- 18.45 Lag dagsins** Babies flokkurinn - Núni júní.
- 18.52 Víkinglottó**
- 19.00 Fréttir**
- 19.25 Iþróttir**
- 19.30 Veður**
- 19.35 Kastljós**
- 20.05 Kiljan**
- 20.45 Á móti straumnum - Mer-ryem er alein Tværs. Mer-ryem alene i verden**
- 21.10 Nútímaffjölskyldan Bonusfamílan**
- 22.00 Tiufréttir**
- 22.15 Veður**
- 22.20 Verðlaunahátíð Norðurlandaráðs 2022** Þar sem hin árlegu menningarverðlaun eru afhent. Verðlaunin eru afhent á sviði bókmennta, tónlistar, kvikmynda og náttúru- og umhverfismála.
- 23.45 Uppgangur nasista Rise of the Nazis**
- 00.35 Dagskrárlok**

Sjónvarp Símans

- 12.00 Dr. Phil**
- 12.40 The Late Late Show**
- 13.25 Love Island Australia**
- 14.25 Elska Noreg**
- 15.00 The Block**
- 16.00 American Housewife**
- 17.00 90210**
- 17.40 Dr. Phil**
- 18.25 The Late Late Show**
- 19.10 Love Island Australia**
- 20.10 Survivor**
- 21.00 New Amsterdam**
- 21.50 Super Pumped**
- 22.50 Guilty Party**
- 23.20 The Late Late Show**
- 00.05 Love Island Australia**
- 01.00 Law and Order**
- 01.45 Chicago Med**
- 02.30 The Resident**
- 03.15 Dan Brown's The Lost Symbol**
- 04.00 Walker**
- 04.45 Tónlist**

Stöð 2

- 07.55 Heimsókn**
- 08.20 The Mentalist**
- 09.05 Bold and the Beautiful**
- 09.25 Cold Case**
- 10.10 Mr. Mayor**
- 10.30 Masterchef USA**
- 11.10 30 Rock**
- 11.30 Besti vinur mannsins**
- 11.55 Um land allt**
- 12.35 Nágrannar**
- 12.55 Ísskápastríð**
- 13.40 Gulli byggir**
- 14.15 Camp Getaway**
- 14.55 Temptation Island**
- 15.45 Kjötætur óskast**
- 16.25 Kjötætur óskast** Stórskemmtileg þáttaröð um samfélagstilraun þar sem reynir á þórlifin hjá erkikjötætum og matvöndum börnum og fullorðnum.
- 17.05 Last Week Tonight**
- 17.25 Bold and the Beautiful**
- 18.00 Nágrannar**
- 18.27 Veður**
- 18.30 Fréttir Stöðvar 2**
- 18.50 Sportpakinn**
- 18.55 Ísland í dag**
- 19.20 Afbrigði**
- 19.45 Grey's Anatomy**
- 20.35 Monarch**
- 21.15 Swimming with Sharks**
- 21.40 Unforgettable**
- 22.20 La Brea**
- 23.05 Chucky**
- 23.50 The PM's Daughter**
- 00.20 MacGruber**
- 00.50 S.W.A.T.**
- 01.30 The Mentalist**
- 02.15 Cold Case**
- 02.55 Mr. Mayor**
- 03.20 30 Rock**

Adrifaríkar þyrlubjarganir

Í Útkallspætti kvöldsins talar Óttar Sveinsson við Benóný Ásgrímsson flugstjóra um tvær af stærstu og afdrifaríkustu þyrlubjörgunum sem Íslendingar hafa framkvæmt. Þyrluflugstjórinn lýsir því þegar 19 manna áhöfn Vikartinds var bjargað í miklu óveðri yfir Þykkvabæjarfjöru og því þegar áhöfn TF-LÍF bjargaði áhöfn Disarfells miðja veginni milli Íslands og Færeyja. ■



Krossgáta

1	2	3		4	
5				6	7
8			9		
10			11		
		12			
13	14				
15				16	
	17				

LÁRÉTT

- 1 fita
5 mæði
6 sön
8 fjandskapur
10 í röð
11 skagi
12 samskeyti
13 ýkja
15 mælieining
17 vísa

LÓÐRÉTT

- 1 hlífðarlag
2 knött
3 langar
4 spil
7 vél
9 hrjóta
12 drykkur
14 framkoma
16 áþján

LÓÐRÉTT: 1 síttæg, 2 kalú, 3 vil, 4 pöker, 7 nes, 12 mörk, 13 áfar, 15 gallon, 17 staka.
LÁRÉTT: 1 skváp, 5 lit, 6 om, 8 illiska, 10 tu, 11 maskína, 9 snótra, 12 malt, 14 fas, 16 ok.

Sudoku

				6	3		7	4
	1	5			9	8		
		3		4				
5						6	8	3
	8			1			2	
7			2				5	
8	4		1	9				6
9			4					
		6			2			7

				3	9	5	7	1
				1			3	
			6					
	4		9	6				
		6						2
		5			2	4		
		4	3			1	5	
		9		7				
8	3	2			1			

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Pondus



Eftir Frode Øverli

FRÉTTABLAÐIÐ SÉRBLÖÐ

Fimmtudaginn 10. nóvember kemur út sérblaðið

SINGLE'S DAY

Í blaðinu gefst fyrirtækjum tækifæri til að koma á framfæri þeim afsláttum sem þau bjóða upp á þann dag.

Nánari upplýsingar um auglýsingar og umfjallanir fyrir blaðið veitir:

Jón Ívar Vilhelmsson, markaðsfulltrúi

Netfang: jonivar@frettabladid.is – Beinn sími 550 5654

MM.is

Dauðinn og daglegt amstur

LEIKHÚS

Síðustu dagar Sæunnar

**Matthías Tryggvi Haraldsson
Borgarleikhúsið**

Leikstjórn: Una Þorleifsdóttir
Leikarar: Guðrún S. Gísladóttir,
Jóhann Sigurðarson og Snorri
Engilbertsson

Leikmynd, búningar og vörpun:
Elín Hansdóttir

Tónlist: Gísli Galdur Þorgeirsson

Lýsing: Pálmi Jónsson

Hljóðmynd: Þorbjörn

Steingrímsson

Myndvinnsla: Elmar Þórarinnsson

Leikgervi: Elín S. Gísladóttir

Sigríður Jónsdóttir

Sæunn býr ein. Sæunn býr með manninum sínum. Sæunn býr með ókunnugu fólki. Sæunn býr á öldrunarheimili. Hún lætur dagana líða með því að reyna að spila á spil eða rifja upp gamla tíma með Trausta sínum sem er heilablaður. Þess á milli tekur Sæunn upp leiðbeiningar fyrir fjölskylduna þar sem hún útleiggur útför og erfðaskrá sína á forláta kassetttutæki, upptökur sem hún eyðir jafnan. En aðallega reynir hún að hemja kraumandi reidina sem mallar innra með henni. Reidina yfir óréttlæti lífsins, ástandi Trausta og yfirvofandi dauðanum.

Síðustu dagar Sæunnar er nýtt íslenskt leikrit eftir Matthías Tryggva Haraldsson sem var frumsýnt á Litla sviðinu fyrir stuttu. Síðastliðin tvö ár hefur Matthías starfað sem eitt af leikskáldum Borgarleikhússins og er leikritið afrakstur þeirrar vinnu. Matthías er ekki ókunnugur leiksviðinu en eftir hann liggja nokkur styttri leikverk og hefur hann starfað sem dramaturg í nokkrum leiksýningum.

Vannýttir möguleikar

Heilabilun er skelfilegur sjúkdómur, fyrir sjúklinga og aðstandendur. Einstaklingar hverfa, sjálfum sér og öðrum. Sjúkdóminum fylgir líka kvíði, ofsahræðsla og þunglyndi. Sæunn er miðpunktur sögunnar og áhorfendur sjá heiminn með hennar augum. En er hún trúverðug sögukona? Hún upplifir sig eina á móti heiminum en er það raunverulega svo? Fjölskylda hjónanna er nefnd en enginn kemur í heim-sókn. Lárus, sonur þeirra, er sömu-leiðis fjarverandi og uppfyllir ekki ósk móður sinnar um að gefa henni barnabarn.

Matthías Tryggvi nær ágætlega utan um grunnástand aðalpersónanna, svo sem látlausar endurtekningar, en mætti kafa dýpra bæði hvað varðar söguna og stílbragðið. Við fáum það á tilfinninguna að



Guðrún S. Gísladóttir og Jóhann Sigurðarson skila hlutverkum sínum vel sem hjónin Sæunn og Trausti.

MYND/GRÍMUR BJARNASON



Síðustu dagar Sæunnar er ljúfsárt leikrit um harmleik efri áráanna og hrylling heilabilunar.

Sigríður Jónsdóttir

ekki sé allt sem sýnist. Gæti verið að Sæunn berjist sjálf við heilabilun? En þræðir leikritsins og úrvinnsla nýta ekki þá möguleika sem annars góð hugmyndavinna Matthíasar ber með sér. Sæunn segir bókstaflega á einum tímamarki að hún hafi aldrei upplifað sín bestu ár en áhorfendur fá aldrei neinar frekari útskýringar, ekki frekar en ástæðu fyrir hatri hennar á Borgarnesi.

Sympatísk og snúin

Guðrún S. Gísladóttir ber sýninguna á herðum sér enda stendur hún á sviði allan tímann. Í hennar meðferð er Sæunn bæði sympatísk og snúin, kona sem sjaldan hefur

leyft sér að dreyma stórt. Guðrún skilur líka hómorinn í þessum sáru aðstæðum en finnur bæði sársaukann og ástina í sambandi Sæunnar og Trausta. Togstreita ein-kennir tilvist hennar og Guðrún fangar þessa sorgmæddu konu fallega, fulla af breyskleika og ást.

Trausti er leikinn af Jóhanni Sigurðarsyni, sem er hér á nýjum slóðum. Fáir leika betur með augnsviðnum einum en Jóhann, þannig verða sum atriðin glimrandi góð og niðurstöðu sársaukafull. Stundum hleypir hann of miklu melodrama í túlkun sína en leysir hlutverkið vel. Snorri Engilbertsson skilar sínum litlu hlutverkum sémilega en velta má upp þeirri spurningu hvort höfundur hefði átt að sleppa þeim, enda gefa persónurnar sögunni lítið.

Harmleikur efri áráanna


Una Þorleifsdóttir leikstýrði einni af áhugaverðustu sýningum síðasta leikárs, Ást og upplýsingum eftir Caryl Churchill sem allt of fáir sáu. Hæfileikar hennar njóta sín yfirleitt í leikverkum sem liggja á mörkum raunveruleikans, þar sem manneskjör eru á skjön við tilvistina og í leit að tilgangi. Af þeim sökum er Síðustu dagar Sæunnar kjörð leikrit fyrir hennar nálgun en hún tekst ekki á við efnið af nægilegum krafti. Hér má ganga lengra með textann og taka framvinduna fjær raunveru-

leikanum, en leikaravinnan er góð.

Listræn umgjörð er að miklu leyti í höndum Elínar Hansdóttur sem hannaði frábæru leikmyndina og myndbönd fyrir Vertu úlfur. Niðurstaðan hérna veldur vonbrigðum, stundum virtist hreilega eins og hugmyndirnar væru enn þá á teikniborðinu. Hvítir veggir eru dapurlegir fyrir augað og myndbandsvinnslan sjaldan eftirminnleg. Gísli Galdur Þorgeirsson semur hljómþýðu tónlistina sem orkar meira eins og hljóðmynd í anda Brian Reitzell en er ekki nægilega afgerandi til að styðja við sýninguna og lyfta henni á hærra plan.

Leiksýning sem vekur upp spurningar og skoðar sálarlíf eldra fólks er svo sannarlega af hinu jákvæða. En leikrit sem inniheldur of marga lausa þræði þarf skýrari listrænan ramma til að ganga upp. Matthías er hæfileikarík og með gott eyra fyrir leiktæxta, vonandi heldur hann áfram að meitla rödd og stíl. Síðustu dagar Sæunnar er ljúfsárt leikrit um harmleik efri áráanna og hrylling heilabilunar. Ljóðskáldið T.S. Eliot hafði rétt fyrir sér, heimurinn endar nefnilega ekki með hveli heldur kveini. ■

NIÐURSTAÐA: Afburðagóð frammistaða Guðrúnar Gísladóttur er bjartasti punkturinn í ljúfsáru en fremur lingerðu leikriti.



INNI var stofnað af Atla Örvarssyni og Colm O'Herlihy árið 2019.

MYND/ADSEND

INNI fagnar þriggja ára afmæli

tsh@frettabladid.is

Íslenska plötufyrirtækið og tónlistarsamsteypan INNI fagnar þriggja ára starfsafmæli sínu í dag með tónlistarveislu í Iðnó. INNI var stofnað af tónskáldinu Atla Örvarssyni og írsku tónlistarmanninum Colm O'Herlihy árið 2019 með það að markmiði að gefa út íslenska tónlist og styðja við íslenska tónlistarmenn.

Fjöl margar hljómsveitir og tónlistarmenn er tengjast fyrirtækinu koma fram á dagskránni auk þess sem ilmúsið Fischersund stendur fyrir ilmupplifun og kórinn Kliður mun flytja nokkur lög eftir meðlimi.



Á meðal atriða eru Fischersund, Kliður, neonme, Kónguló, Rose Riebl, Kaktus Einarsson, JFDR, Sóley, Atli Örvarsson og Sin Fang.

Þau sem koma fram á viðburðinum eru Fischersund, Kliður, neonme, Kónguló, Rose Riebl, Kaktus Einarsson, JFDR, Sóley, Atli Örvarsson, Sin Fang, Francesco Fabris, Kjartan Holm og The Intelligent Instruments Lab.

Viðburðurinn hefst í Iðnó klukkan 20.45 og stendur til 1.00. Aðgangur er ókeypis en viðburðurinn er hluti af „off-venue“ dagskrá Iceland Airwaves. ■

Íslenskur tregi hentar flamenco vel

arnartomas@frettabladid.is

Tónlistarmaðurinn Reynir Hauksson hefur að undanfögnu verið kröftugasti innflytjandi flamenco-tónlistar á Íslandi. Hann hefur nú dregið á fjórur landsins enn fleiri flamenco-snillinga og mun halda þrenna tónleika í vikunni. Að sögn Reynis gengur vel að boða suðrænt fagnadarerindið til Íslendinga.

„Það er alltaf meiri og meiri aðsókn á sýningarnar sem og námskeiðin sem við höldum,“ segir hann. „Fólk sem kemur á tónleikana er alltaf upp með sér og minnst sérstaklega á það.“

Sólsoltínir Íslendingarnir liggja sem sagt vel við suðrænum sveiflum?

„Já, þeir hafa sko gaman af einhverju framandi og skemmtilegu.“

Í vor greindi Fréttablaðið frá því



Treginn er svo alþjóðlegur.



Reynir Hauksson

að Reynir hefði ásamt goðsögninni Jeronimo Maya klætt Vísur Vatnsenda-Rósu í flamenco-kjól og vakti útsetningin athygli hér á landi og á Spáni. Á tónleikunum núna verða fleiri íslenskir slagarar framreiddir á suðrænan máta.

„Við verðum til að mynda með útsetningu á Austurstræti og svo líka Ísland farsælda Fróni. Fólk kemur svo bara og sér restina,“ segir Reynir. „Það verður nóg sem kemur á óvart.“

Spánverjar tóku vel í Vísur Vatnsenda-Rósu en segir Reynir að vanda þurfi lagavalið vel þegar kemur að svona sambræðingi.

„Það hjálpar mikið til ef það er tregi í lögunum því flamenco-tónlist er uppfull af honum,“ útskýrir hann. „Ef maður finnur þennan sameiginlega flöt þá gengur þetta upp. Treginn er svo alþjóðlegur.“

Tónleikaröðin hefst í Máli og Menningu á fimmtudag, þaðan er ferðinni heitið í Gamla Kaupfélagið á föstudag og lýkur svo í Bæjarbíó á laugardag. Reynir lofar mikilli stemningu og suðrænni músík í bland við íslenska tóna. ■

ILVA

OPEN BY NIGHT

2. NÓVEMBER

OPIÐ 11- 22 Í KAUPTÚNI

25% AF ÖLLUM VÖRUM
30% AF ÖLLUM JÓLAVÖRUM



Takeoff var meðlimur sveitarinnar Migos sem hélt tónleika í Laugar-dalshöll árið 2017. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Takeoff úr Migos myrtur í Texas

ninarichter@frettabladid.is

Bandaríski rapparinn Takeoff er látinn. Hann lést af sárnum eftir skotárás í keiluhöll í Texas í gær. Takeoff er þekktastur sem meðlimur rappsveitarinnar Migos. Hann var 28 ára gamall. Hans rétta nafn var Kirshnik Khari Ball.

Migos er ein af áhrifamestu sveitum sinnar kynslóðar, brautryðjandi í trapp-rappstíl sem kenndur var við „Migos-flæðið“, segir í frétt BBC um málið. Hljómsveitin hætti fyrr á þessu ári. Migos áttu nokkra alþjóðlega smelli, þar á meðal Bad and Boujee, Versace og Walk It Talk It. Sveitin heimsótti Ísland í ágúst árið 2017 og hélt tónleika í Laugar-dalshöll. Meðlimir brugðu sér í Bláa lónið meðan á dvölinni stóð, létu vel af sér og deildu myndböndum frá Íslandsdvölinni á samfélagsmiðlum.

Skotárásin átti sér stað í keiluhöll í Houston í Texas-fylki í Bandaríkjunum. Að sögn lögreglu voru 60 gestir staddir í einkasamkvæmi þegar skothríðin hófst. Föðurbroðir Takeoff og meðlimur í Migos var einnig á staðnum en slasaðist ekki í árásinni.

„Þetta er ótrúlega áhrifamikil og stór hljómsveit í nútíma hipphoppi, ein sú áhrifamesta í þessum geira. Þeir og Future eru áhrifamestir í þessari senu frá Atlanta,“ segir Ólafur Halldór Ólafsson, Óli Dóri, plötusnúður og rekstrarstjóri Kex. „Þegar svona stór listamaður fellur frá hefur það rosa áhrif og maður er í miklu sjokki. Þeir eru ein stærsta sveitin í þessari Atlanta-Trap-senu. Hundrað prósent. Þeir hafa haft mjög mikil áhrif á hvernig tónlist er í dag,“ segir hann. „Þetta eru tónlistarmenn með 18 milljónir spilana á Spotify á mánuði. Þeir eru alveg hjúts. Þetta er ein af vinsælustu hljómsveitum síðustu tíu ára.“ ■

Leitar lausna við stóru kolefnisspori tónlistarbransans á eyjunni köldu

Lewis Jamieson er stofnmeðlimur alþjóðlegu aðgerðasamtakanna Music Declares Emergency sem stofnuð voru árið 2019. Hann er staddur hér á landi til að leiða stofnun Íslandsdeildar sem miðar að ábyrgum, sjálfbærum og grænum starfsháttum í tónlistariðnaði.

ninarichter@frettabladid.is

Lewis á að baki þrjátíu ára feril í breska bransanum og hefur gegnt ýmsum hlutverkum í markaðssetningu og kynningarmálum fyrir fjölda þekktra hljómsveita og stór vörumerki. Hann hefur unnið með stórum sveitum á borð við Oasis, Muse og Radiohead. Hann vann einnig með íslensku sveitinni GusGus um aldamótin síðustu.

„Fyrir mörgum árum vann ég með GusGus og var mikið á Íslandi þegar ég var að vinna með þeim, en það eru mörg ár síðan. Ég hef einu sinni komið til Íslands síðan þá, þannig að það er aðeins einu sinni á tuttugu og tveimur árum, ja, hérna hér,“ segir Lewis og hlær. „Margt hefur breyst og Harpa var ekki einu sinni risin, þannig að ég hlakka gríðarlega til.“

Lewis er með vinnustofu í dag sem snýr að innleiðingu grænna lausna í íslensku tónlistarlífi. „Á morgun er ég svo í pallborðsumræðum þar sem við ræðum hvernig hægt er að tengja tónlistina við loftslagsmálin með árangursríkum hætti. Að koma skilaboðunum um stöðuna í loftslagsmálum til fólks í gegnum tónlistarmiðilinn á jákvæðan máta,“ segir Lewis.

Ísland er eyja í miðju Atlantshafinu og tónlistariðnaðurinn reidir sig mikið á flugsamgöngur með tilheyrandi kolefnisspori. Hvernig sérðu fyrir þér að hægt sé að leysa þetta?

„Ég hélt vefyfyrirlestur fyrir fulltrúa úr íslenskum tónlistariðnaði sem spurðu einmitt, hvað getum við gert, við verðum að fá fólk hingað? Og ég held að svarið liggir í jafnvæginu. Það er til góð og slæm nýting á ferðalögum,“ segir Lewis og bætir við að hann sé ekki að leggja til að fólk hætti í faginu eða skaði efnahaginn til að bjarga loftslaginu. „Það er heldur ekki gott fyrir umhverfið



Lewis Jamieson er stofnmeðlimur Music Declares Emergency og er staddur hér á landi til að leita grænna lausna fyrir íslenskan tónlistariðnaði.

MYND/ADSEND

að skaða efnahaginn, ef þú gerir það ertu síst að fara að bjarga plánetunni,“ segir hann.

„Við þurfum að nálgast þessa hluti eins og fullorðin fólk. Á sama tíma eru áttatíu prósent af flugi að fljúga með tíu prósent flugfarþega. En ef þú flýgur ekki með listamanninn til áhorfendanna munu áhorfendurnir fljúga til listamannsins sem skapar fleiri vandamál,“ segir Lewis.

Hann kveðst skilja að Íslendingar þurfi vissulega að reida sig á flugsamgöngur. „En einnig eru flugfélögin að skoða nýja tækni sem mun bæta ástandið á komandi árum. Ég held að við þurfum að skoða þetta með yfirveguðum hætti sem skaðar ekki aðra geira atvinnulífsins, taka stöðuna eins og hún er og í sumum tilfellum segja: Svona er þetta bara núna.“

Að sögn Lewis eru áhrif loftslagsbreytinga augljós á stöðum eins og hér á landi. „Á Íslandi eruð þið nú þegar að sjá hluti eins og rýrnun jökla, auknar öfgar í veðurfari, aukið regn og breytingar á haflif-



Ef þú flýgur ekki með listamanninn til áhorfendanna munu áhorfendurnir fljúga til listamannsins sem skapar fleiri vandamál.

Lewis Jamieson

ríki, dýralífi og gróðri. Þarna er hægt að sjá bein áhrif loftslagsbreytinga og neyðarástandið raungerist fyrir framan ykkur. Þetta hefur upplýsingagildi, að sjá að hér var jökull fyrir tíu árum og ekki lengur. Þessir myndrænu lykjar eru það sem við

erum að leita að í okkar vinnu,“ segir hann. „Við reynum að einfalda málin í staðinn fyrir að ræða stöðugt um endurvinnsluáferðir. Við þurfum að fara aðeins dýpra og átta okkur á að hlutir sem halda fjöldaferðamenskunni gangandi verða mögulega ekki þarna eftir tíu ár.“

Lewis segir að í slíkum myndrænum lykklum sé lausnin fölginn en breytingarnar þurfi á sama tíma að raungerast á vettvangi stjórnsýslu.

„Einstaklingar geta gert sitt en það sem við þurfum eru grundvallarbreytingar í því hvernig við umgöngumst plánetuna og þær breytingar þurfa að koma frá stjórnvöldum.“

Lewis sækir Airwaves-hátíðina sem fram fer um helgina, og ráðstefnuna um tónlistariðnaðinn sem fer fram í þessari viku, sem er samstarfsverkefni Airwaves, Útön og Tónlistarborgarinnar. Hann heldur erindi um græn skref í tónlistariðnaði í dag. Hægt er að nálgast frekari upplýsingar á heimasíðu Iceland Airwaves. ■

Grjótharður Adam kemur DC-heiminum til bjargar

KVIKMYNDIR

Black Adam

Leikstjórn: Jaume Collet-Serra

Leikarar: Dwayne Johnson, Pierce Brosnan, Aldis Hodge ofl.

Oddur Ævar Gunnarsson

Fyrir mörgum er hér komin á hvíta tjaldið enn ein ofurhetjumyndin. Ekki einungis það heldur sömu-leiðis úr smíðju DC Comics, ofurhetjurisans sem hefur misstigið sig í öðru hverju skrefi við að framleiða kvikmyndir um misspennandi ofurhetjur eins og Súperman og Aquaman.

Með þær væntingar í farteskinu er óhætt að fullyrða að Black Adam með Dwayne „The Rock“ Johnson hafi komið einkar mikið á óvart. Myndin er langt í frá fullkomin og gamaldags vandamál, persónusköpun eða öllu heldur skortur á henni, plaga myndina rétt eins og fyrri DC-myndir.

Munurinn á þeim myndum og þessari er hins vegar skemmtanagildið. Myndin heldur áhorfandanum nokkuð vel og söguþráðurinn flæðir á eðlilegan máta, svona allt þar til komið er að lokahnykknum. Þá hægist allt í einu á sögunni um stundarkorn og er líklega eina augnablikið þar sem undirrituðum leiddist á myndinni.

Saga myndarinnar gerist í hinu ímyndaða ríki Kahndaq og hefst 2600 árum fyrir Krist þegar dularfullur verndari stígur fram á sjónarsviðið og hrekur illan konung frá völdum. Eins og lesendur fá á tilfinninguna er nokkuð auðvelt að gefa heilasellum hvíld yfir sögunni sem heldur manni að mestu og er heilt yfir bara frekar skemmtileg. Inn á milli slæðast þó misheppnaðar tilraunir til að vekja hjá manni tilfinningar yfir samskiptum persóna sem maður er nýbúinn að kynna og eru ekkert endilega vel skrifaðar.

Dwayne Johnson heldur myndinni uppi í aðalhlutverkinu enda



Dwayne Johnson gæti bara mögulega rústað Súperman í slag. Mögulega.

er kappinn jafnframt framleiðandi myndarinnar og þess sjást merki í frammistöðu hans á hvíta tjaldinu. Hann skemmtir sér konunglega og hefur raunar áður sagst hafa ólmur viljað bregða sér loksins í hlutverk ofurhetju. Pierce Brosnan virðist jafnframt skemmta sér nokkuð vel í hlutverk ofurhetjunnar Doctor Fate. Aðrir skila sínu eins vel og hægt er þótt augljóst sé að áhersla handritshöfundu og leikstjóra hafi ekki endilega verið á aðrar persónur en Black Adam.

Á heildina lítið er Black Adam mynd sem mun koma fólki á óvart, fari það á myndina með sömu litlu væntingarnar og undirritaður. Myndin er hin besta skemmtun og gæti bara jafnvel blásið lífi í DC-ofurhetjumyndahheiminn sem hefur ekki verið svipur hjá sjón í samanburði við risaveldi Marvel. ■

NIÐURSTAÐA: Þrusufin skemmtun. Smá leiðinleg rétt fyrir lokin og persónurnar ekki þær flóknustu.



STEINSMIÐJA AKUREYRAR

**Eitt mesta úrval landsins af legsteinum
Innifalin uppsetning á Norðurlandi og
höfuðborgarsvæðinu
Frí sending um allt land
Allar upplýsingar á heimasíðu okkar
Geymum steina ef óskað er**



VIÐHALDSFRÍIR GARÐBEKKIR ÚR GRANÍT

Hægt að grafa skrift í bak og sæti
130 cm breiðir
ca 140 kg
3 litir

s: 466 2800 / 899 9370
sala@minnismerki.is
steinsmidjaakureyrar.is

SALTLAMPAR FRÁ HIMALAYA

Fást einnig í:
Beta Líf - Kringlunni
Skipavík - Stykkishólmi
Klassík - Egilsstöðum
Martölvan - Höfn



Jóla kvöld

Reykjavík og Akureyri

Í kvöld
kl. 19⁰⁰–22⁰⁰

100
FYRSTU SEM
VERSLA** FÁ
GLAÐNING FRÁ
OKKUR Í
REYKJAVÍK

LÉTTAR
VEITINGAR
OG LJÚFIR
JÓLATÓNAR

50
FYRSTU SEM
VERSLA** FÁ
GLAÐNING FRÁ
OKKUR Á
AKUREYRI

20% afsláttur AF ÖLLUM VÖRUM*

GILDIR MIÐVIKUDAG 2. NÓVEMBER

Sendum frítt með Póstinum í póstbox og pakkaport ef keyptar eru smávörur fyrir 9.900 kr. eða meira.



Pú finnur Höllin mín á husgagnahollin.is eða með því að skanna QR kóðann

*Gildir ekki sem viðbótarafsláttur af áður niðursettum vörum, Skovbyr né sérpöntunum. ** Ef verslað er fyrir 2.000 kr. eða meira.



Varð ástfangin af Íslandi

Kvikmyndaframleiðandinn Heather Millard flutti til Íslands frá Bretlandi fyrir þrettán árum. Svo vel líkaði henni við land og þjóð að hér býr hún og starfar enn. Kvikmynd hennar Band verður frumsýnd á föstudag.

birnadrofn@frettabladid.is

„Ég kom hingað fyrst árið 2009 vegna framleiðslu á heimildarmyndinni Future of Hope, ég varð ástfangin af landinu og hitti svo mikið af yndislegu fólki að ég bara varð að vera lengur,“ segir Heather Millard kvikmyndaframleiðandi.

Heather framleiddi til að mynda kvikmyndina Sumarljós og svo kemur nóttin sem nú er í sýningu í kvikmyndahúsum og Band sem frumsýnd verður næsta föstudag. Þá framleiðir hún, ásamt Sigurjóni Sighvatssyni, einnig kvikmyndina Kulda sem byggð er á metsölubók Yrsu Sigurðardóttur.

Heather stundar MBA-nám í þýskum háskóla og hún á þrjú börn undir sex ára aldri og stjúpson sem er fjórtán ára svo það er mikið að gera hjá henni. „Lykillinn er sá að ég á mjög skilningsríkan mann,“ segir Heather brosandí.

„Við erum vön framleiðslu í öllum myndum, börnum, húsum og kvikmyndum,“ bætir hún við en Heather og eiginmaður hennar Þóroddur Jónsson stofnuðu saman framleiðslufyrirtækið Compass Films árið 2012.

Hún segir öll þau verkefni sem hún vinnur að ólík. Hún velji sér verkefni sem hún hefur trú á og vinni með fólki sem hún treystir. „Mér finnst gaman að vinna að ólíkum verkefnum,“ segir Heather.

„Sumarljós og svo kemur nóttin var mikið samvinnuverkefni og þannig eru oft verkefni sem ég vinn að. Myndin var framleidd af mér, Elfari Adalsteinssyni, Lilju Ósk Snorradóttur og Ólafi Darra Ólafssyni ásamt meðframleiðendum frá Svíþjóð og Belgíu,“ útskýrir Heather.

„Band var svo algjör andstæða við þetta,“ segir hún. „Það var lítil framleiðsla með einn tíunda af fjármagni Sumarljóss, við vorum fimm í þessu, en það var frábært að



Stikla úr kvikmyndinni Band sem frumsýnd er um helgina.

MYND/ADSEND



Ég elska að fara í sund og það að geta drukkið hreint vatn úr krananum eru forréttindi. Svo er líka frábært að geta farið í sturtu án þess að heita vatnið klárist.

Hún segir að mikil áhætta sé fólgin í framleiðslu kvikmynda, ábyrgðin sé mikil en hún elski starfið. „Ég myndi ekki vilja breyta neinu og elska þetta starf, en það fylgja því auðvitað fórnir. Það getur til dæmis reynst flókið að kúpla sig algerlega út þegar maður vinnur í sínu eigin fyrirtæki og að mörgum verkefnum,“ segir hún.

„Kvikmyndabransinn á Íslandi er lítill á heimsmælikvarða og hér þekkja allir alla.“ Heather segir að ekki hafi reynst erfitt að komast inn í bransann. Fólki hafi tekið henni opnum örmum. „Fólkið hérna er svo vinalegt, auðvitað tók smá tíma að kynnast fólki og læra á bransann en mér hefur verið tekið ótrúlega vel.“

Spurð að því hvað hafi verið það helsta sem heillaði hana við Ísland segir Heather það tvískipt. „Fyrst var það vatnið,“ segir hún. „Ég elska að fara í sund og það að geta drukkið hreint vatn úr krananum eru forréttindi. Svo er líka frábært að geta farið í sturtu án þess að heita vatnið klárist,“ segir Heather og hlær en hún er frá Bretlandi.

„Hitt er það hversu rólegt samfélagið er, það minnir á Miðjarðarhafsmenningu. Það er aldrei neitt stress að skipuleggja sig langt fram í tímann heldur er bara tekinn einn dagur í einu. Það fannst mér mjög skrítið fyrst en núna er ég orðin þannig sjálf og þarf að breyta um hugsunarhátt þegar ég fer til Bretlands,“ segir Heather. ■

vinna við báðar myndirnar,“ bætir Heather við.

Spurð að því hvað felist í starfi kvikmyndaframleiðanda segir Heather það felast í því að halda utan um allt sem að kvikmyndinni kemur. „Þetta er eins og vera með verkefnið í fanginu. Reyna að halda öllu saman og í jafnvægi, allt frá fjármálum til listrænnar sköpunar,“ segir hún.

„Að vernda leikstjóran og listræna sköpun hans á sama tíma og haldið er utan um fjármagnið. Mér persónulega finnst gaman að taka þátt í ferlinu alveg frá því að handritaskrif hefst þar til myndin fer í dreifingu,“ segir Heather.

**HÚSGAGNA
HÖLLIN**

www.husgagnahollin.is
Sími: 558 1100

FRÉTTIR, FÓLK &
MENNING
á Hringbraut



ALIAS

ÞEKKIR ÞÚ FRÆGA FÓLKID?



ALIAS FRÆGIR!

Það kannast flestir við Alias-spilin, en kannast þú við frægt fólk úr mannkynssögunni, þekktu tónlistarmenn eða leikara sem sett hafa svip sinn á tilveruna? Bókmenntir og kvikmyndir skarta mörgum frægustu persónum allra tíma og flest okkar kannast við einhverjar íprótta- eða hasarmyndahetjur, jafnvel framsýna brautryðjendur sem hafa sett mark sitt á heiminn.



Hetjur



Illmenni



Brautryðjendur



Spekingar



Listafólk

NÝTT!
BORD
SPIL

Þessi tónlistarmaður varð fyrir mannráni í New York en skilaði sér óskaddaður tveimur dögum síðar. Þó örventur væri, var gítarinn hans fyrir réttbenta og snéri hann honum ófugt.

Jimi Hendrix





Bakþankar



Önnu Sigrúnar
Baldursdóttur

Grund

„Ertu nú ánægð, áttæð og komin á Grund,“ segir í texta úr tíma-
mótaverkinu „Áfram stelpur“. Textinn fjallar um erfitt líf
alþýðukonu sem kemur upp ell-
efu börnum og endar líf sitt á elli-
mannaheimilinu Grund, eins og
það þá hét. Það er ekki að merkja
á textanum að það geti verið
áhugavert eða eftirsóknarvert að
vera áttæður, hvað þá á Grund.

Frá því að þessi texti var
skrifaður er mikið vatn runnið til
sjávar og raunar enn meira frá því
að hjúkrunarheimilið Grund var
fyrst opnað fyrir þurfandi eldra
fólki í Reykjavík. Heil öld er liðin
frá því að Grund tók til starfa en á
fyrstu áratugum síðustu aldar var
mikill húsnæðisskortur í Reykja-
vík og átti eldra fólk sérstaklega
erfitt uppdráttar. Það var nokkuð
sérstakt að um þær mundir þegar
öflugar konur komu upp sjúkra-
húsum um landið voru það karlar
sem horfðu sérstaklega til ein-
stæðinga af eldri kynslóðinni og
komu upp ellimannaheimilinu
Grund. Nú, hundrað árum síðar,
reka Grundarheimilin fjölbreytta
og metnaðarfulla þjónustu fyrir
eldra fólk og starfið einkennist
af hlýju og myndugleik og er
heimilisfólki þar til ánægju og
starfsfólki og stjórnendum til
mikils sóma.

Í þessa heilu öld hefur starfið
á Grund verið rekið af sömu
fjölskyldunni og er að líkindum
einsdæmi að slík velferðar-
þjónusta eigi svo djúpar rætur
á Íslandi. Það er full ástæða til
að þakka þessari fjölskyldu og
samstarfsfólki hennar í hundrað
ár fyrir sérlega vel unnin störf og
myndugleik í þjónustu við eldra
fólk.

Og já, ég hugsa að ég yrði bara
héstánægð, „áttæð og komin á
Grund“. ■

**pappír
umhverfið
prentun**

LITRÓF

UMHVERFISVÆN
PRENTUN

Vatnagörðum 14 · 104 Reykjavík
litrof@litrof.is · 563 6000 · litrof.is



Laufey í Reykjavík

Laufey og Kaktus koma fram í verslun 66° Norður á
Hafnartorgi í tilefni Airwaves í kvöld kl. 19:30.
Öll velcomin á meðan húsrúm leyfir.

@66north
66north.is